

Sögð brotleg við siðareglur

Pórhildur Sunna Ævarsdóttir braut siðareglur þingsins að mati siðanefndar. Brotið er vegna ummæla um Ásmund Friðriksson og akstur hans.

STJÓRN MÁL Siðanefnd Alþingis telur Pórhildi Sunnu Ævarsdóttur hafa brotið í bága við ákvæði siðareglna þingsins með ummælum um Ásmund Friðriksson og endurgreiðslur sem hann naut frá Alþingi á grundvelli skráninga í akstursdagbók hans.



Pórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pirata.

Nefndin telur Björn Leví Gunnarsson hins vegar ekki brotlegan við reglurnar en Ásmundur kvartaði til forsætisnefndar undan ummælum þeirra beggja.

Ummælin sem álit siðanefndarinnar tekur til féllu annars vegar í umræðuþættinum Silfrinu sunnudaginn 25. febrúar 2018 þar sem Sunna kvartaði undan því að hvorki ráðherrar né þingmenn væru látnir sæta ábyrgð. „Nú er uppi rökstuddur grunur um það að Ásmundur Friðriksson hafi dregið að sér fé, almannafé, og við erum ekki að sjá viðbrögð þess efnis að það sé verið að setja á fót rannsókn á þessum efnisnum,“ sagði hún meðal annars.

„Miðað við allt sem á undan er gengið ætti kannski ekki að koma mér á óvart að ég skuli vera fyrsti þingmaður Íslands til að teljast hafa brotið siðareglur þingsins. Jafnvel þótt sakir mínar felist í því að óska eftir auknu gegnsæi um friðindi þingmanna og kalla eftir rannsókn á því sem öllum sem kynntu sér málið hlaut að vera ljóst. Að eitthvað væri bogið við endurgreiðslurnar,“ segir Sunna. Hún segir kaldhæðnislegt að siðanefndin telji hana hafa brotið gegn ákvæði um að alþingis-

menn skuli rækja starf sitt af ábyrgð, heilindum og heidarleika. „Ég taldi mig einmitt vera að rækja þessar skyldur með því að kalla eftir rannsókn á þessum endurgreiðslum og er kannski mest hissa á að slík rannsókn hafi ekki enn átt sér stað,“ segir Sunna og bætir við: „En með þessari túlkun nefndarinnar á siðareglunum er í rauninni verið að festa í sessi það samtryggingarkerfi stjórnmálamanna sem á stóran þátt í því að traust á stjórn málum er enn við frostmark.“

Pórhildur Sunna segir málið á borði forsætisnefndar sem hittist að jafnaði á mánudögum. Hún segir varasamt að nota siðareglurnar til að þagga niður í þingmönnum og gagnrýni þeirra. „Ákveði forsætisnefnd að gera álit siðanefndar að sínu hefði það verulega vond áhrif fyrir tjáningarfrelsi þingmanna. Þegar það er orðið alvarlegra að kalla eftir rannsókn á meintri sjálfstöku en taka þátt í henni, þá er nú fokið í flest skjól,“ segir hún og lætur þess getið að hún muni óska eftir því við forsætisnefnd að málið fái endurskoðun hjá siðanefndinni á grundvelli þeirrar greinargerðar sem þau Björn Leví sendu inn. – aa / sjá síðu 4

Attestor selur í Arion fyrir fjóra milljarða

VIÐSKIPTI Breski vögunarsjóðurinn Attestor Capital seldi í gær hátt í þriggja prósentu hlut í Arion banka fyrir um fjóra milljarða króna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Eftir sölu fer sjóðurinn með um 2,8 prósentu hlut í bankanum.

Bréfin keypti breiður hópur fjárfesta, svo sem lifeyrissjóðir, verðbréfasjóðir og einkafjárfestar, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst.

Vögunarsjóðurinn, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Arion banka í mars árið 2017, seldi samanlagt fimmtíu milljónir hluta í bankanum en það jafngildir tæplega 2,8 prósentum af hlutafé hans. Gengi hlutabréfa í Arion banka hækkaði

um 0,1 prósent í gær og stóð í 79,6 krónum á hlut þegar markaðir lokuðu.

Þetta er í annað sinn í mánuðinum sem Attestor selur hlutabréf í Arion banka en eins og Markaðurinn greindi frá fyrr í vikunni gekk vögunarsjóðurinn nýverið frá sölu á eins og hálf prósent hlut í bankanum fyrir liðlega tvo milljarða króna.

Sjóðurinn hefur markvisst unnið að því að minnka hlut sinn í bankanum undanfarin misserin en hann hefur selt hátt í tíu prósent af hlutafé bankans á síðustu tólf mánuðum. Þar af seldi hann þriggja prósentu hlut í hlutafjárútboði bankans í júní í fyrra. – hae, kij



Íslensk börn stilltu sér upp í gær og gáfu stoppmerki með útréttri hendi til að mótmæla því óréttlæti að tæplega hálfur milljarður barna um allan heim býr í dag við stríðsástand. Gjöfningurinn var liður í vitundarvakningu samtakanna Save The Children, sem fagna aldarafmæli sínu í ár, og Barnaheilla á Íslandi. Í ár eru samtökin að safna fé til styrktar stríðshráðum börnum í Sírlandi og Jemen. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

American Style


**BÖRNIN
BORÐA
FRÍTT**

**FJÖLSKYLDUDAGAR
Á AMERICAN STYLE 13.-19. MAÍ**

12 ÁRA OG YNGRI FÁ FRÍA BARNAMÁLTÍÐ EF FORRÁÐAMAÐUR PANTAR MÁLTÍÐ AF MATSEDLI.

GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM OG EINGÖNGU Í SAL.

Veður



Suðaustan 3-8 m/s. Skúrir sunnan- og vestanlands, hiti 8 til 14 stig. Purrt og bjart um landið norð- austanvert með hita að 18 stigum yfir daginn. **SJÁ SÍÐU 20**

Gaddar og ólar í stað glimmers

EUROVISION Gera má ráð fyrir mikilli partístemningu víða um land á morgun, þegar Hatari stígur á svið fyrir Íslands hönd í Eurovision-keppninni. Ísland hefur ekki komist upp úr undanúrslitum síðan árið 2014 svo búast má við miklu partíhaldi um land allt.

Valgerður Gunnarsdóttir, verslunarstjóri í Partíbúðinni, segir að það sé rosaleg stemning fyrir Eurovision þetta árið. Hún segir að það sé mikil sala bæði í partívörum og Hatarabúningum. „Í staðinn fyrir að þetta sé eins og vanalega, glimmer og íslenski fáninn, þá er fólk líka að kaupa gadda, keðjur, svartar blöðrur og jafnvel svartan borðbúnað. Það eru allir „all in“. Það er til dæmis einn hérna núna að kaupa sér sleipa leðurhanska, risakeðjur og nethanska. Það er stóruakn eftirspurn eftir vörum af þessu tagi,“ segir Valgerður og bætir við að vörur hafi verið pantaðar sérstaklega inn í verslunina með Hatara í huga.

Emilía Kristín Bjarnason, starfsmaður Adams og Evu, segir einnig vera aukna eftirspurn eftir fatnaði í stil Hatara. Hún segir einnig að ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að eiga nóg fyrir alla. „Við byrjuðum að spá í þetta um leið og Hatari vann undankeppnina og tókum extra mikið inn af BDSM-vörum núna, sérstaklega fyrir stráka. Við seljum bönd, beisli og því um líkt allt árið en óvenju mikið núna.“

Emilía og Valgerður spá Hatara báðar góðu gengi í keppninni. Valgerður spáir fimmta sæti og Emilía spáir Hatara einu af fjórum efstu sætum.

– bdj



Nýjasta tíska



Gleðin var við völd og íbúar, gestir og starfsfólk var stórhrið þegar efnt var til afar glæsilegrar tiskusýningar á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund í höfuðborginni í gær. Þar sýndu íbúar vörur úr verslun sem starfrækt er á heimilinu. Auk fatnaðar er hægt að kaupa þar gjafir og matvæli. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Fleiri myndir af sýningunni er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

Illa slösuð eftir dimmiteringu

SLYS Nemandi við Menntaskólann á Akureyri slasaðist alvarlega þegar dimmitering útskriftarnema skólans fór fram á miðvikudag. Stúlkann mun hafa klemmst þegar hlera á flutningavagni, sem ferja átti nemendur um bæinn, var lokað. Stúlkann var flutt með sjúkraflugi til aðhlyningar en mun ekki vera lífs-hættulega slösuð.

Fyrst var greint frá slysinu á vef Vikudags. Þar er haft eftir skólameistara Menntaskólans á Akureyri að nemendur og starfsfólk séu harmi slegin vegna málsins. „Hugur okkar allra er hjá stúlkunni,“ er haft eftir Jóni Má Héðinssyni skólameistara. „Þarna var misskilningur á milli bílstjórans og nemenda sem olli slysinu. Það voru engin fiðlæti í gangi þegar þetta gerðist og um algjört óhapp að ræða.“

– dfb

Bæjarstarfsmenn fá gjafabréf fyrir aðhald

Um 240 starfsmenn Grindavíkurbæjar fá 10 þúsund króna gjafabréf frá bænum. Verðlaun fyrir góða afkomu bæjarins og að sviðsstjórum tókst almennt vel að halda fjárhagsáætlun. Hógvær þakklætisvottur, segir bæjarstjóri.

STJÓRNSÝSLA „Við vorum einróma um það í bæjarráði að umbuna starfsmönnum fyrir að fara vel með fé og standa sig vel. Það er nauðsynlegt að gera það alveg eins og þegar illa gengur og verið er að skammast,“ segir Hjálmar Hallgrímsson, formaður bæjarráðs Grindavíkurbæjar.

Þar sem afkoma bæjarins var góð í fyrra og forstöðumenn stofnana bæjarins gerðu almennt vel í því að halda fjárhagsáætlun fyrir árið samþykkt bæjarráð á fundi sínum í vikunni að leysa 240 starfsmenn bæjarins út með gjafabréfi af fjárhæð 10 þúsund krónur. Stjórnendur bæjarins sjá kostnaðinn, 2,4 milljónir, fyrst og fremst sem táknrænan og framtakið muni einungis hafa jákvæð áhrif í för með sér.

Hjálmar, sem er á öðru kjörtímabili sínu í bæjarpólitíkinni, segir þetta vera í fyrsta skipti í hans tíð sem þetta er gert og hann kannist ekki við að þetta sé gert annars staðar.

„Við erum að vona að þetta hvetji fólk til dáða að halda slíku áfram. Þetta er frekar táknrænt, þetta er ekki það stór upphæð, en er viðurkenning á góðu starfi.“

Undir þetta tekur Fannar Jónsson, bæjarstjóri í Grindavík, sem telur þetta fallega hugsad og vel útfært hjá bæjaryfirvöldum.

„Þau í bæjarráði vildu meta það við starfsmenn hversu vel tókst til með að standast fjárhagsáætlun bæjarins og það er mikið í húfi fyrir bæinn og alla að vel sé að því staðið. Þetta er hógvæ þakklætisvottur í formi vöruúttektar sem bæjaryfirvöld eru að sýna sínum starfsmönnum,“ segir Fannar og bætir við:



Starfsmenn Grindavíkurbæjar eru verðlaunaðir með gjafabréfi vegna góðrar afkomu bæjarins og aðhalds sem sýnt var í fjármálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Þetta er hógvæ þakklætisvottur í formi vöruúttektar sem bæjaryfirvöld eru að sýna sínum starfsmönnum.

Fannar Jónsson, bæjarstjóri í Grindavík



Hjálmar Hallgrímsson, formaður bæjarráðs Grindavíkurbæjar.

„Þetta hefur sáralítill áhrif á fjárhag bæjarins því þetta er innan við einn þúsundasti af útgjöldum hans. Þetta er því táknræn aðgerð auk þess sem gjöfin er í formi úttektar hjá fyrirtækjum hérna í Grindavík þannig að þetta stuðlar líka að verslun.“
mikal@frettabladid.is



Kyolic
Aged Garlic Extract™

Kyo Dophilus

Styður við heilbrigða meltingarstarfsemi og hjálpar til við að draga úr einstaka loftmyndun og uppþembu. Þessi blanda inniheldur fjórar tegundir af ensímum sem hjálpa til við niðurbrot á próteínum, kolvetnum, fitu og mjólkurvörum.

FÆST Í APÓTEKUM OG HEILSUVÖRUVERSLUNUM

+PLÚS



Gleði og gaman á tiskusýningu á Grund

Það var kátt á hjalla þegar efnt var til tiskusýningar á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund í gær. Þar sýndu íbúar vörur úr verslun sem starfrækt er á heimilinu. Sigtryggur Ari, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist vel með.



Njótum sumarsins!

20%

AF GARÐHÚSGÖGNUM
OG GRILLAUKAHLUTUM

SUMARBLÓMATILBOÐ

STÚPUR 10STK	1.390KR
SÓLBOÐI	1.390KR
HENGI LÓBELÍA	990KR
HENGTÓBAKSHORN	1.990KR


Fyrstu matjurtirnar komnar

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ BERA ÁBURÐ
GRASKORN OG KALK Á GRASFLÖTINA
GARÐAFOSFAT Í MATJURTAGARÐINN
OG BLÁKORN Í TRJÁBÉGIN

Glæsilegt úrval af ávaxtatrjám
og berjarunnum

20% AF RIFS- OG SÓLBERJARUNNUM

LOKUM KL 19
Á LAUGARDAG
VEGNA EUROVISION



GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Matvælastofnun minnir á bann við dýraáti dýra vegna smithættu

DÝRAVELFERÐ Borgarfjarðarhreppur hefur ákveðið að fá svín til sín til að farga lifrænum úrgangi sem til fellur í bænum og éta heimilissorp í stað þess að aka því rúma 60 kílómetra til förgunar á Fljótsdalshéraði. Matvælastofnun hefur hins vegar sett strik í reikninginn hvað þetta varðar og segir bannað að gefa svínum dýraafurðir og eldhúsúrgang.

» Fóðrun með dýraafurðum er smitleið fyrir alvarlega sjúkdóma hjá dýrum.

Helgi Hlynur Ásgrímsson er einn forvígisma þess að fá svín til að éta heimilissorp og telur það ágæta lausn þegar kemur að loftslags-

málum í stað þess að aka sorpi með tilheyrandi mengun. „Því höfum við horft til þess að fá svín til að éta frá okkur lifrænan úrgang og nýta þannig matarafanga betur,“ segir Helgi Hlynur en Fréttablaðið náði tali af honum í miðjum sauðburði.

Matvælastofnun hefur hins vegar skorist í leikinn og bendir á að fóðrun dýra með dýraafurðum eða

eldhúsúrgangi geti haft alvarlegar afleiðingar og segir þetta eina helstu smitleið margra alvarlegra smitsjúkdóma í dýr. „Samkvæmt fôðurlögum og reglugerð um aukaafurðir dýra er bannað að fôðra búfé, að loðdýrum undanskildum, með kjöti og öðrum dýraafurðum öðrum en mjólk og eggjum í ákveðnum tilfellum. Reglurnar banna jafnframt notkun hvers

kyns eldhúsúrgangs, bæði frá heimilum og veitingastöðum, sem fôðurs fyrir dýr,“ segir Matvælastofnun.

Helgi Hlynur segir reglurnar vera til trafala. „Auðvitað er þetta eitt hvert reglugerðafargan. Við munum reyna að eiga samtal við Matvælastofnun í sumar til að geta hafist handa við þetta verkefni næsta haust,“ segir Helgi. – sa

Tveir farþegar lentu undir rúttunni

SLYS Alvarlegt rútslys varð við Hofgarða í Öræfum í gær og var þyrila Landhelgisgæslunnar, sjúkraflutningafólk og björgunarsveitir á öllu Suðurlandi kallaðar út vegna þess. 32 farþegar voru um borð í rúttunni en Fréttablaðið.is greindi frá því í gær að fjögur fóru alvarlega slösuð með þyrilunni á Landspítala. Allir farþegarnir voru með meðvitund þegar þangað var komið.

32

farþegar voru um borð í rúttunni.

Um er að ræða ferðamenn sem eru af kinversku bergi brotnir. Tveir farþeganna lentu undir rúttunni þegar hún valt, að því er kom fram á vef Ríkisútvarpsins í gærkvöldi.

Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi, staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að farið yrði með þá minna slösuðu á þrjú sjúkrahús, í Reykjavík, á Selfossi og á Akureyri, til að deila álagi með Landspítalanum.

Landspítalinn tilkynnti um gult viðbúnaðarstig vegna slyssins og var um skeið beðið um að fólk með minniháttar áverka leitaði frekar á heilsugæslu eða til Læknavektar en á bráðadeild.

Þessu gula viðbúnaðarstigi var svo aflétt á áttunda tímanum í gærkvöldi. – oæg

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Forsætisnefnd á síðasta orðið

Ráðgefandi álit síðanefndar Alþingis um brot Þórhildar Sunnu á síðareglum er á borði forsætisnefndar. Sögð brotleg vegna ummæla um Ásmund Friðriksson. Björn Leví Gunnarsson ekki sagður brotlegur.

STJÓRN MÁL Forsætisnefnd Alþingis á lokaorðið um brot Þórhildar Sunnu Ávarsdóttur gegn síðareglum þingsins en forsætisnefnd hefur borist ráðgefandi álit þess efnis frá síðanefnd Alþingis.

Að mati síðanefndarinnar gerðist Sunna brotleg við ákvæði 5. gr. og 7. gr. síðareglna Alþingis. Umfjöllun nefndarinnar beinist einna helst að notkun Sunnu á hugtakinu rökstuddur grunur í ummælum sínum um þörf fyrir rannsókn á meintu refsiverðu athæfi Ásmundar Friðrikssonar og mati á því hvort hún hefði notað hugtakið í lögfræðilegri merkingu þess.

Í niðurstöðu nefndarinnar segir að fullyrðingar þingmanns um rökstuddan grun um refsivert athæfi annars þingmanns gefi til kynna að hann búi yfir áþreifanlegum upplýsingum þar að lútandi enda kunnir þingmenn í krafti trúnaðarstöðu sinnar að hafa aðgang að ýmsum gögnum og upplýsingum.

„Það er mat síðanefndarinnar að órókstuddar aðdróttanir af hálfu þingmanna um refsiverða háttsemi annarra þingmanna sé til þess fallið að kasta rýrd á Alþingi og skaða ímynd þess. Slíkt hefur óneitanlega neikvæð áhrif á traust almennings til Alþingis.“

Þórhildur Sunna segir að það orki tvímælis að komast að þeirri niðurstöðu að um órókstudda aðdróttun sé að ræða án þess þó að kanna sannleiksgildi orðanna. „Ég mun senda inn greinargerð til forsætisnefndar og andmæla því sérstaklega að þetta hafi ekkert með sannleiksgildi orða minna að gera. Ég mun fara fram á að forsætisnefnd vísi málinu aftur til síðanefndar til frekari meðferðar með vísan til greinargerðar minnar,“ segir Þórhildur Sunna.

Í greinargerð Þórhildar Sunnu og Björns Levís til síðanefndarinnar er lögð áhersla á að skoða verði ummælin heildstætt og umfram allt að mat verði lagt á sannleiks-



Þessi mynd Gunnars Karlssonar birtist í Fréttablaðinu í kjölfar hvassra orðaskipta á þingi um hin umdeildu ummæli Þórhildar Sunnu í Silfrinu.

gildi þeirra. Vísu þau til meginreglunnar um vitaleysi sannra ummæla og telja að ekki sé unnt að ákveða hvort ummælin séu brot á síðareglum nema ganga úr skugga um hvort þau eru sönn eða ósönn.

Forsætisnefnd féllst ekki á þetta og í erindisbréfi til síðanefndarinnar afmarkar forsætisnefnd beidni um álit við ummælin sjálf og tekur sérstaklega fram í erindisbréfi til síðanefndarinnar að hvorki síðareglur né málsmeðferðarreglur geri ráð fyrir umfjöllun um sannleiksgildi orðanna.

Forsætisnefnd hafði þegar komist að þeirri niðurstöðu að ekki hefðu komið fram upplýsingar eða gögn sem sýndu fram á grun um refsiverða háttsemi Ásmundar Friðrikssonar vegna endurgreiðslna aksturs-

kostnaðar og var máli Ásmundar ekki vísað til síðanefndar Alþingis.

Af gögnum málsins sem Fréttablaðið hefur undir höndum má sjá að forsætisnefnd íhugaði að vísa málinu frá á þeim grundvelli að nefndin geti vísað málum frá sé um meint brot á lagareglum að ræða sem bera megir undir úrskurð stjórnvalda eða dómstóla.

Þórhildur Sunna og Björn Leví lögðu á það áherslu að málinu yrði ekki vísað frá á þessum grundvelli enda kynni það að skapa óheppilega venju. „Mun slík venja leiða bæði til þess að mjög lítil hluti mála á möguleika á efnislegri meðferð og að öllum alvarlegustu brotum verði vísað frá,“ segir í erindi þingmannanna.

adalheidur@frettabladid.is

Um akstursgreiðslur

Akstur Ásmundar Friðrikssonar

Samkvæmt upplýsingum á vef Alþingis um akstur þingmanna ekur Ásmundur Friðriksson langmest allra þingmanna. Endurgreiðslur til hans á árinu 2017 námu 4,6 milljónum eða að jafnaði 385 þúsund krónum á mánuði. Um var að ræða endurgreiðslur vegna 47.644 kílómetra sem Ásmundur skráði í akstursdagbók sína umrætt ár. Kílómetrafjöldinn jafngildir 35 ferðum hringinn í kringum landið.

Uppvíst varð um endurgreiðslu sem Ásmundur fékk frá Alþingi vegna ferðar sem hann fór með upptökufólki á vegum sjónvarpsstöðvarinnar ÍNN. Ásmundur gekkst við því í viðtali í Kastljósi að það orkaði tvímælis að blanda saman ferðum sínum um kjördæmið og ferðum með tókufólki ÍNN. Endurgreiddi hans svo þinginu 187 þúsund krónum sem hann hafði fengið vegna umræddrar ferðar.

Norskur þingmaður til rannsóknar

Nýverið var greint frá því að norska þingið hefur óskað eftir lögregluannsókn á meintum fjárdrætti þingkonu verkamannaflokksins en talið er að hún hafi krafist hærri greiðslna frá þinginu fyrir ferðakostnað en efni stóðu til en upphæðin sem um ræðir nemur tæpum tvö hundruð þúsund íslenskum krónum. Þingkonan gat ekki gert grein fyrir tæpum fjögur þúsund eignum kílómetrum sem hún krafðist endurgreiðslu fyrir.

Garðtraktorar í miklu úrvali



MTD

PÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Baldursnes 8
603 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Ópið alla virka daga
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is

Sjúkrahús allra landsmanna

HEILBRIGÐISMÁL „Áherslan að þessu sinni er á spítalann sem þjóðarsjúkrahús fyrir alla landsmenn. Við munum ræða mikilvægi þess að heilbrigðisstofnanir á öllu landinu vinni saman sem ein heild með það að markmiði að veita sjúklíngum sem besta þjónustu,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, um ársfund spítalans sem verður haldinn í dag.

Yfirskrift fundarins sem fer fram í Hörpu milli klukkan 14 og 16 í dag er „Sjúkrahús allra landsmanna“.

Páll segir þá áskorun að láta þjónustuþörf einstaklinga ráða og veita þeim þjónustu sem er tímanleg verði best leyst í samstarfi heilbrigðisstofnana. Forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðisstofnunar Austurlands munu af því tilefni ræða samstarf stofnananna við Landspítalann.

„Jafnframt verður sagt frá tveimur mikilvægum nýjungum



Á fundinum verður fjallað um áhrif jáeindaskannans. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Áherslan að þessu sinni er á spítalann sem þjóðarsjúkrahús fyrir alla landsmenn.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala

í þjónustu við sjúklinga á Landspítalanum. Annars vegar er það jáeindaskanninn en hins vegar ný aðferð við að bregðast við heilaslagi. Hvort tveggja hefur fært þjónustu við landsmenn fram um áratugi,“ segir Páll. – sar



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

SÁPAN MUN SIGRA ÞJÓNUSTUDAGUR TOYOTA

ISLENSKASÍMA.IS/TOY 91440 0579



Á morgun, laugardag 18. maí kl. 11–15

þjóðum við öllum Toyota-eigendum að hita upp fyrir söngvakeppnina með sápuþvotti hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

Við þrífum bílana að utan, grillum og þjóðum upp á ískalt gos og sápukúl sumarglaðning fyrir börn og fullorðna.

Engin vandamál – bara lausnir.

Toyota Kaupúni
Toyota Akureyri
Toyota Selfossi
Toyota Reykjanesbæ
Arctic Trucks
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bílatangi
Bifreiðaverkstæði KS
Bílageirinn

Kaupúni 6
Baldursnesi 1
Fossnesi 14
Njarðarbraut 19
Kletthálsi 3
Bæjarflöt 13
Suðurgötu 9
Hesteyri 2
Grófinni 14a

Garðabæ
Akureyri
Selfossi
Reykjanesbæ
Reykjavík
Reykjavík
Ísafirði
Sauðárkróki
Reykjanesbæ

May útskýrir leiðtogaval í júní

BRETLAND Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, hét því í gær að leggja fram áætlun um val á arftaka, það er nýjum formanni íhaldsflokksins, þegar næsta atkvæðagreiðsla um Brexit-samning hennar er að baki. Sú atkvæðagreiðsla fer fram á breska þinginu í byrjun júní.

Þingið hefur í þriggja hálfum samningnum. Samkvæmt heimildum Bresa ríkisútvarpsins mun May segja afsér efsagan endurtekur sig og samningnum er hafnað. Einn þeirra sem ásælast sæti May er fyrrverandi utanríkisráðherra Boris Johnson. Hann sagði í gær að hann ætlaði án nokkurs vafa að sækjast eftir formennsku þegar þar að kemur. – þea

Lilja Katrín nýr ritstjóri DV

FJÖLMIÐLAR Lilja Katrín Gunnarsdóttir hefur verið ráðin ritstjóri Frjálsrar fjölmiðlunar ehf., sem á og rekur DV og dv.is ásamt fleiri vefsíðum. Fram kemur í tilkynningu að hún sé annar tveggja ritstjóra sem ráðnir verða til félagsins.

Lilja Katrín var áður umsjónarmaður dægurmála á DV. Þar áður starfaði hún sem leikkona í sjónvarpi, hún hefur talsett auglýsingar og skrifað handrit að gamanþáttum.

Einar Þór Sigurðsson verður áfram aðstoðarritstjóri Frjálsrar fjölmiðlunar. Kristján Kormákur Guðjónsson sagði upp sem ritstjóri í byrjun apríl og ræði sig yfir til sjónvarpsstöðvarinnar Hringbrautar.

Karl Garðarsson, framkvæmdastjóri Frjálsrar fjölmiðlunar, segir Lilju Katrínu mikinn feng fyrir félaginu. „Við bjóðum hana velkomna til starfa, en fram undan eru spennandi tímar hjá félaginu,“ segir Karl.

– ab

Lilja Katrín Gunnarsdóttir, ritstjóri DV.



Fyrirtæki í eigu þingmanns vill veiða hrefnu á nýjan leik

Þrjú fyrirtæki hafa óskað eftir því við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að fá leyfi til hvalveiða til ársins 2023. Eitt fyrirtækið er í eigu eiginmanns þingmanns Framsóknarflokksins. Hafró ráðleggur um 400 dýra veiði á ári. Hvalur hf. er sem fyrr eina fyrirtækið sem hefur óskað eftir leyfi til að veiða langreyði

HVALVEIÐAR Þrjú fyrirtæki hafa óskað eftir leyfi til að veiða hval við Íslandsstrendur næstu fimm sumarvertíðir til ársins 2023. Tvö fyrirtæki hafa óskað eftir leyfum til að veiða hrefnu hér við land og eitt fyrirtæki hefur óskað eftir leyfi til að veiða langreyðar.

Fyrirtækin IP ehf. og Runó ehf. eru þau fyrirtæki sem sótt hafa um leyfi til að veiða hrefnu næstu fimm vertíðir. Árlega má veiða rúmlega 200 hrefnur samkvæmt ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar og eru veiðarnar ólympískar; það er að veiðar eru frjálsar þar til kvótinn hefur allur verið veiddur. Í fyrra mátti veiða alls 262 hrefnur en aðeins sex hrefnur voru skotnar.

Athygli vekur að Runó ehf. er í eigu Þóðar Sigmundssonar. Þóður er eiginmaður Silju Daggar Gunnarsdóttir, þingmanns Framsóknar-

Óvissa með eftirlit

Skutulbyssurnar sem Hvalur hf. notar til veiða á langreyði eru af gerðinni Kongsberg og eru með 90 mm hlaupvídd. Byssurnar eru ekki með CE-vottun af neinu tagi þar sem vopnin voru framleidd löngu áður en sá staðall varð til. Kongsberg hætti að framleiða þessi vopn á sjöunda áratug síðustu aldar og hefur ekkert eftirlit með þeim, hvorki hvað snertir viðhald né öryggisprófani.

Fiskistofa hefur heldur ekki eftirlit með vopnunum sjálfum. Lögreglan tekur vopnin ekki út reglulega. Vinnueftirlitið segir eftirlit með þessum vopnum heldur ekki á sinnu könnu.



Hrefnuveiðar hafa ekki verið miklar síðustu ár en aðeins sex voru drepar í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Silja Dögg Gunnarsdóttir.

flokksins. Silja Dögg situr í utanríkismálanefnd þingsins en mikil og hörð gagnrýni hefur komið frá útlöndum vegna hvalveiða Íslendinga síðustu árin. Nú liggur fyrir þingsályktun Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur þess efnis að rannsakaður verði stuðningur erlendis við hvalveiðar okkar Íslendinga og hver áhrif hvalveiðar hafa á imynd lands og þjóðar.

Hvalur hf. er eina fyrirtækið sem hefur óskað eftir leyfum til veiða á langreyði. Veiða má samkvæmt Hafrannsóknastofnun 209 dýr á hverju ári fram til ársins 2025.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ólíklegt að fyrirtækið muni fullnýta kvóta sinn á þessu ári og verði því mun færri dýr veidd í ár en til að mynda var gert í fyrra. Fréttablaðið hefur reynt nú í nokkra daga að fá samtalið við Kristján Loftsson, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, en hann hefur ekki svarað óskum Fréttablaðsins um samtalið.

Lítið er af langreyðarkjöti eftir í frystigeymslum Hvals hf. hér á landi og hefur megnið af kjöti frá vertíð-

217

hrefnur er leyfilegt að veiða árlega á næstu árum samkvæmt mati Hafró.

inni í fyrra verið flutt til Japans. Það þýðir hins vegar ekki að það sé búið að selja afurðirnar samkvæmt skrifstofu Hvals og gæti vel verið að kjötið sé geymt í frystigeymslum ytra uns kaupandi finnst að afurðunum. sveinn@frettabladid.is

AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ FORD ATVINNUBÍLA

Vegna aukinna vinsælda Ford atvinnubíla hefur Brimborg opnað nýtt sérhæft Ford atvinnubílaverkstæði sem gerir okkur kleift að bæta þjónustu við eigendur atvinnubíla Ford. Aukin afköst styttr biðtíma og eykur sveigjanleika. Nýja atvinnubílaverkstæðið sérhæfir sig í þjónustu við Transit sendibíla, rútur, húsbíla og Ford pallbíla.

Komdu með Ford atvinnubílinn þinn og fáðu hraðari og betri þjónustu en nokkru sinni fyrr.



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

PANTAÐU TÍMA STRAX Í DAG!

ford.is

FYRIRTÆKI 2019 ÁRSINS

Árlega stendur VR fyrir kjöri á *Fyrirtæki ársins*. Niðurstöður stærstu vinnumarkaðskönnunar á Íslandi liggja nú fyrir.

Stór fyrirtæki

LS Retail
Nordic Visitor
PwC
Sjóvá
Vörður tryggingar

Meðalstór fyrirtæki

Cyren
dk hugbúnaður
Tengi
Toyota á Íslandi
TRS

Lítill fyrirtæki

Attentus – mannauður og ráðgjöf
Bókhald og uppgjör
Egill Árnason
Eirvík
Microsoft Ísland

VR óskar *Fyrirtækjum ársins* til hamingju með frábæran árangur!

Vonar að stríð brjótist ekki út

BANDARÍKIN Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, sagðist í gær vona að Bandaríkin væru ekki á leið í stríð við Íran.

Togstreitan á milli ríkjanna hefur aukist undanfarna daga. Samkvæmt The New York Times jukust áhyggjur Bandaríkjanna eftir að ljósmyndir bárust sem sýndu eldflaugar á bátum á Persaflóa er íranskir hermenn höfðu komið fyrir. Miðillinn sagði stjórnmöld óttast að eldflaugarnar væru ætlaðar bandarískum herskipum. – þea

Hulda nýr formaður FKA

FÉLAGSMÁL Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands, hefur verið kjörin nýr formaður Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA).

„Það verður spennandi að takast á við krefjandi verkefni í samstarfi við þær öflugur konur sem gefið hafa kost á sér til starfa í nefndum, deildum og stjórn félagsins. Ég hlakka til að fá tækifæri til að virkja enn fleiri konur til þátttöku, bæði í núverandi verkefnum og þeim verkefnum sem kynnt verða til leiks þegar nýtt starfsár hefst,“ segir Hulda.

Þá voru Sigríður Hrund Pétursdóttir, Ragnheiður Árnadóttir og Áslaug Gunnarsdóttir kjörnar í stjórn til tveggja ára og þær Hulda Bjarnadóttir og Margrét Jónsdóttir Njarðvík til eins árs. – sar

Fermingarpeningunum stolið

Langþráð þriggja vikna frí Sigurðar Geirs Geirssonar og fjölskyldu til Torrevieja á Spáni fór heldur betur illa af stað. Strax á flugvellinginum var tösku sem í voru meðal annars fermingarpeningar sonar hans stolið.

SAMFÉLAG „Þetta er skelfilegt. Við stöndum hérna nokkurn veginn slypp og snauð og tryggingarfélagið gerir ekkert fyrir okkur eins og er. Börnin urðu hálfpartinn vitni að þessu og eru bara hágrátandi,“ segir Sigurður Geir Geirsson flugvirki.

Fjölskyldan lenti í Torrevieja aðfaranótt miðvikudags. Klukkan tvö um nóttina voru þau búin að fá afhenta tvo bílaleigubíla en með í för er elsti sonur Sigurðar ásamt konu hans og þremur börnum. Þegar töskurnar voru komnar í skottið á bíl Sigurðar fór hann að aðstoða elsta soninn við að festa barnabílstól í hinum bílnum.

„Þá sér strákurinn minn sem var að fermast tvo menn opna skottið á bílnum okkar. Hann hélt að þeir væru bara að fara í vitlausan bíl og sér þá bara loka skottinu og hlaupa í burtu.“

Í ljós kom að þeir höfðu tekið tölvutösku Sigurðar sem innihélt meðal annars þrjú þúsund evrur, tölvu, myndavél, síma, veski og vegabréf. „Barna voru meðal annars þúsund evrur sem strákurinn fékk í fermingargjöf. Sem betur fer er elsti strákurinn með sín kort.“

Haft var samband við lögreglu sem virtist ekki hissa. „Þeir sögðust fá hátt í tíu svona mál á dag hérna á flugvellinginum.“ Sigurður telur að þjófarnir hafi fylgst með fjölskyldunni og vitað nákvæmlega hverju þeir ættu að stela. Það hafi



Frá Torrevieja á Spáni. Sigurður segist hafa ferðast um allan heim en ekki átt vona á að lenda í svona uppákomu þar. NORDICPHOTOS/GETTY

verið maður að þvælast inni á bílaleigunni og séð Sigurð setja peninga og vegabréf í tölvutöskuna.

„Áður en ég kom hingað var mér sagt að taka ekki peninga út úr hraðbönkum því þeir mynduðu kortin um leið en þú veist ekkert hvaða hraðbankar það eru. Þannig að ég tók með mér peninga en það var greinilega ekkert skárri.“

Hann segir marga Íslendinga á

svæðinu og hvetur þá til að hafa varann á. „Við hittum íslenska konu úti í búð sem var rænd á veitingastað. Þau voru tíu saman á borði og veskið hennar hvarf með fullt af verðmætum.“

Sigurður segir atburðinn hafa haft mikil áhrif á þau hjónin og enn meiri á börnin. „Sérstaklega á drenginn sem var að fermast. Hann ætlaði sér að gera mikið fyrir þessa

peninga og eiga gott frí hérna.“

Thelma Eir Aðalsteinsdóttir, vörustjóri einstaklingstrygginga hjá VÍS, segist ekki geta tjáð sig um einstök mál. Hins vegar sé það þannig í svona tilvikum að lykílatríði sé að hafa samband við lögreglu.

„Það þarf alltaf að fylgja lögregluskýrsla frá því landi sem atvikið gerist í. Það þarf að tilkynna þetta til okkar en við þurfum að vinna málið og fá lista yfir það sem var stolið. Það er því miður ekki þannig að við getum hlaupið inn í svona aðstæður því það er ekki hluti af okkar starfsemi,“ segir Thelma.

Hún segir að í mörgum tilvikum sé hægt að koma í veg fyrir tjón af völdum þjófnaðar. Í skilmálum félagsins séu ákveðnar varúðarreglur.

„Við leggjum mesta áherslu á að læsa öllu. Þó að þú ætlir bara að henda einni tösku inn í bíl og skreppa að ná í hina þarf maður að læsa bílnum. Svo er mikilvægt að skilja ekkert eftir eftirlitslaust á almannafæri.“

Fólk þurfi líka að hafa í huga að það sé ákveðið hámark á farangurstryggingum. Það sé því ekki snúugt að taka alla dýrustu hlutina með. „Svo er líka góð regla að geyma kortin á mismunandi stað. Það hjálpar mikið til ef maður lendir í svona að dreifa aðeins áhættunni.“

sighvatur@frettabladid.is

Óheppilegt að álitid hafi ekki legið fyrir

REYKJAVÍK Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins telur afar óheppilegt að álitserð Trausta Fannars Valssonar, sérfræðings í sveitarstjórnarlögum, hafi ekki verið birt fyrir undirritun ársreiknings borgarinnar á þriðjudaginn. Fram kemur í bókun flokksins á fundi borgarráðs í gær að málið sé óheppilegt þar sem það varði greiðslur án fjárheimilda sem sé á skjön við sveitarstjórnarlög.

Fram kemur í minnisblaði fjármálaskrifstofu borgarinnar frá því í mars að undirskrift ársreiknings

þar á meðal því sem féll til án heimildar vegna braggaverkefnisins á Nauthólsvogi 100. Borgarfulltrúar Miðflokksins og Flokks fólksins settu fyrirvara við undirskrift sína á ársreikninginn.

Fram kemur í álit Trausta Fannars til endurskoðunarnefndar að staðfesting á ársreikningi feli ekki í sér samþykki á öllum fjárútlátum. Í minnisblaði endurskoðunarnefndar er borgarráð beðið um að beina því til fjármálaskrifstofunnar að bregðast við álit Trausta Fannars. – ab



Mikið tjón varð á Seljaskóla í brunanum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ungir drengir játa íkveikju í Seljaskóla

LÖGREGLUMÁL Þrír piltar hafa játað aðild að íkveikju sem leiddi til mikils eldsvoða í þaki Seljaskóla aðfaranótt sunnudagsins 12. maí síðastliðins. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er rannsókn brunans langt komin. Piltarnir eru undir sjálffræðisaldri og einn þeirra er að auki undir sakhæfisaldri, sem þýðir að hann er undir fimmtán ára aldri.

Lögreglan segir að málið hafi verið unnið í samráði við félagsmálavirvöld og að rannsókn haldi áfram. Bruninn um síðustu helgi var annar eldsvoðinn í Seljaskóla á síðustu mánuðum en ekkert hefur komið fram sem bendir til að brunarnir tveir tengist. Mikið tjón varð á skólanum í brunanum á sunnudag og hefur skólustarf farið fram í Seljakirkju, aðstöðu ÍR og félagsmiðstöðvum í vikunni. – smj



15. - 22. maí

Vinnufatalagersala

Vinnufataverslun 66°Norður – Miðhrauni 11

30-90%

afsláttur af
völdum vinnufatnaði

Opnunartímar
Virkir dagar: 08 - 18 | Laugardagur: 11 - 18

MARIELYST SÓFI + BORD + 2 STÓLAR + SESSUR

SPARIÐ
5000
AF SETTI

SESSUR
FYLGJA

SETTIÐ FULLT VERÐ: 39.990

34.990

Viðhaldsfritt

*GILDIR ÚT 21. MAÍ

AÐEINS ÓDÝRARI

ALLAR
YFIRDÝNUR
20-40%
AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 21. MAÍ

ALLIR SÓFAR
OG SVEFNSÓFAR
20-40%
AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 19. MAÍ

ÖLL
SÆNGURVERASETT
20-40%
AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 19. MAÍ

ALLIR
SKÓR OG SOKKAR
25%
AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 21. MAÍ

ALLIR GLER-
SKÁPAR OG SKENKIR
20%
AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 21. MAÍ

ALLIR BLÓMA-
POTTAR OG GARÐSTYTTUR
20%
AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT 21. MAÍ

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Hóta hefndum vegna Huawei-banns

Bandaríkjaforseti mun setja bann við viðskiptum við kínverska tæknirisann Huawei með nýrri forsetatilskipun. Utanríkisráðuneyti Kína kveðst undirbúa gagnaðgerðir. Huawei neitar alfarið endurteknum ásökunum Bandaríkjamanna um njósnir.

TÆKNI Stjórnvöld í Kína hótuðu í gær gagnaðgerðum eftir að Donald Trump Bandaríkjaforseti undirritaði forsetatilskipun á miðvikudag um að bandarískum fyrirtækjum verði bannað að nota fjarskiptabúnað frá fyrirtækjum sem stjórnvöld telja að ögni þjóðaröryggi. Wilbur Ross, ráðherra viðskiptamála, sagði við Bloomberg í gær að sérstök forsetatilskipun um bann við viðskiptum við tæknirisann Huawei tæki gildi í dag.

Að því er kom fram í yfirlýsingu frá bandaríska forsetaembættinu er fyrri tilskipunin til þess gerð að „skýla Bandaríkjamönnum fyrir erlendum andstæðingum sem skapa og nýta sífellt oftar öryggisgalla í tækninnviðum“.

Lu Kang, upplýsingafulltrúi kínverska utanríkisráðuneytisins, sagði í gær að stjórnvöld í Peking væru andsnúin því að önnur ríki ákvæðu einhlíða að beita kínversk fyrirtæki þvingunum. Breska ríkisútvarpið hafði eftir Lu að von væri á gagnaðgerðum. Ekki liggur hins vegar fyrir hverjar þær aðgerðir verða.

„Við krefjumst þess að Bandaríkin láti af þessum starfsháttum og beiti sér í staðinn fyrir bættu viðskipta- og samstarfsumhverfi,“ sagði Lu sem sakaði Trump um að sigla undir fölsku flaggi. Hann bæri fyrir sig þjóðaröryggi þegar tilgangurinn með tilskipuninni væri að spilla fyrir kínversku hagkerfi.



Bandaríkjamenn segja Huawei stunda njósnir en kínverska fyrirtækið segir það alrangt. NORDICPHOTOS/GETTY

Bandaríkjastjórn og bandarískar öryggisstofnanir hafa ítrekað haldið því fram að Huawei nýti snjallsíma sína og aðra tækni til njósna fyrir hönd kínverskra yfirvalda. Því hefur fyrirtækið ítrekað neitað. Bandaríkjamenn hafa sömuleiðis þrýst á bandamenn sína að leyfa Huawei ekki að koma að uppbyggingu

5G-fjarskiptanets.

Kenneth Fredriksen, forstjóri Huawei í Svíþjóð og á Íslandi, sagði í viðtali við Fréttablaðið í febrúar að áskanir væru alrangar. „Staðreyndin er sú að það hafa engin gögn verið lögð fram sem styðja þessar áskanir. Við höfum heyrt margbreytilegar staðhæfingar frá

Bandaríkjunum og verið sökuð um ýmislegt. En það eru engin sönnunargögn sem liggja fyrir.“

Fyrirtækið sendi frá sér yfirlýsingu um bandarísku forsetatilskipunina í gær þar sem það endurtók fyrri staðhæfingar um að Bandaríkjamönnum stafaði engin ógn af Huawei.

Við krefjumst þess að Bandaríkin láti af þessum starfsháttum og beiti sér í staðinn fyrir bættu viðskipta- og samstarfsumhverfi.

Lu Kang, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytis Kína

„Takmarkanir á viðskiptum Huawei í Bandaríkjunum munu ekki styrkja Bandaríkin eða auka á öryggi ríkisins. Þess í stað munu takmarkanir sem þessar stuðla að því að Bandaríkin neyðist til þess að skipta við dýrari en jafnframt síður hæfa keppinauta og þannig dragast aftur úr í 5G-væðingunni. Það bitnar á hagsmunum bandarískra fyrirtækja og neytenda.“

Orðspor fárra tæknifyrirtækja hefur bedið jafnmikinn hnekki á undanförunum mánuðum og orðspor Huawei. Ef til vill að Facebook undanskildu. Huawei berst með kjafti og klóm gegn njósnaá sökunum og nú síðast á þriðjudag bauð Liang Hua stjórnarformaður að fyrirtækið skrifaði undir bindandi samninga við stjórnvöld á Bretlandi um að engar njósnir yrðu stundaðar þar í landi. Þjóðaröryggisráð Breta samþykkti í apríl að leyfa Huawei að koma að uppbyggingu 5G-fjarskiptanets. thorgnyr@frettabladid.is

www.renault.is

NÝR RENAULT CLIO GÓÐUR FERÐAFÉLAGI



RENAULT
Passion for life

ENNEEM / SIA / RM09917



Renault Clio ZEN
bensín, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ 2.250.000 kr.

Verð áður: 2.550.000 kr.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Allt fyrir vorverkin



Strákústur m/stálfestingu 30cm breiður

895



Moltugerðarkassi
420 L **5.990**
650 L **7.790**

Verð frá

2.190,-

2.390,-

1.990,-

1.790,-

1.890,-

1.590,-



Malarhrifa
1.890,-

MIKIÐ ÚRVAL

Pretul Laufhrifa
695



MIKIÐ ÚRVAL AF STIGUM OG TRÖPPUM

LLA-308 PRO álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m
20.890



Mei-9961360 Gardýfirbreiðsla 5x1,5m
749

Garðúðari. Ál, 3 arma.

1.690

Meister - Úðabyssa með stillanlegu skafti

2.495



Garðskafa

1.490,-



Altrappa 3 þrep
4.490

Altrappa 4 þrep 5.440
5 þrep 7.290



Mei-9961400 Sterkur Hellu & jarðvegsdúkur 10m²
2.850



Garökanna 10 L
695



Truper garðverkfæri 4 í setti
1.690

Pretul greinaklippur
875



Truper hekkklippur 23060
1.245



Truper 10574
1.690,-

Bíla & gluggabvottakústur gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
2.690



Lokað slönguhjól 20m 1/2"
11.995

Truper 15" garðverkfæri
Verð **695**/stk



Truper handöxi
1.395


Tia - Garðverkfæri
verð **490** pr. stk.



Meistar upptíslutól /plokkari
1.690



21" greinaklippur
2.295



Truper Haki 5lbs fiberskafti
2.790



PRETUL úðadæla 5 l. Trup 24685
2.890



Truper sleggja m. fiberskafti 3,6kg
3.590



Sterkir Cibon strákústar 45cm **1.395 kr.**
60cm **1.895 kr.**



Fyrirvari um prentvillur.



Hjólborur 80L
4.490



Slöngusamtengi **150**
(mikið úrval tengja)



Öflugar hjólborur 90 lítra
7.490

Garðkarfa 50L
1.990



Truper Slönguvagn
6.995



Proflex Nitril vinnuhanskar
395



25 stk. 110 lítra ruslapokar **995**
Einnig 200 lítra 10 stk. kr. 795 (65my)



MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM

20m Meister garðslanga með tengjum
2.490



Reykjavík Kletthálsi 7. Ópið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Ópið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



netgíró

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Spurning Elliða



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Hinn dyggi og dugmikli Sjálfstæðismaður Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi, virðist lítill aðdáandi Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata því á Facebook-síðu sinni spurði hann á dögnum: „Er það ekki vísbending um að maður hafi á röngu að standa þegar maður er sammála þessum flokkum?“ Tilefni þessara orða hans var skoðanakönnun MMR sem sýnir að Evrópusinnar eru helstu stuðningsmenn þriðja orkupakkans. Ekki verður annað séð en að Elliða mislíki að forysta Sjálfstæðisflokksins skuli stýðja þakann og ganga þar í takt við Samfylkingu, Viðreisn og Pírata. Þegar slík málefnasastaða er orðin finnst honum tímabært að staldra við og huga að því á hvaða leið Sjálfstæðisflokkurinn er.

Elliði er ekki aðdáandi Evrópusinna sem hafa tröllatrú á samvinnu milli þjóða og eru í öllum meginatriðum víðsýnt og frjálst fólk. Honum finnst verra að Sjálfstæðisflokkurinn leggi lag sitt við það. Honum er vitanlega frjálst að hafa þá skoðun. En það er einmitt þessi hugsunarháttur sem hefur reynst Sjálfstæðisflokknum svo dýr.

Stundum er eins og áhrifafólk í Sjálfstæðisflokknum hverju sinni telji sig réttborið til valda. Það virðist gera ráð fyrir að fylgi sópist að flokknum nánast sjálfkrafa og verður furðu lostið þegar það gerist ekki. Þannig má heyra áhrifafólk í flokknum býsnast yfir því að fylgið sé nú ekki nema um 20 prósent þegar það var um 40 prósent hér áður fyrr. Dvínandi fylgi hlýtur að vera til marks um að það vanti breidd í flokkinn. Þar getur Sjálfstæðisflokkurinn kennt sjálfum sér um, en áhrifafólk innan hans vandaði sig alveg sérstaklega við að amast út í þá flokksmenn sem grunaðir voru um að vera jákvæðir í garð Evrópusambandsins. Þeir voru ekki taldir alvöru Sjálfstæðismenn og hrökkluðust loks úr flokknum. Þar skaut áhrifafólk í Sjálfstæðisflokknum sig sannarlega í fótinn. Elliði Vignisson vill skiljanlega ekki horfast í augu við þá staðreynd, enda er hún óþægileg.

Þegar Elliði spyr: „Er það ekki vísbending um að maður hafi á röngu að standa þegar maður er sammála þessum flokkum?“ þá er hann meðal annars að benda á fólk sem á sínum tíma átti samleið með Sjálfstæðisflokknum en er nú í Viðreisn. Þetta er ekki æsingafólk í pólitík, heldur fólk sem stýður markaðslausnir, vestræna samvinnu og frelsi einstaklingsins á tímum þrjúgandi forræðishyggju. Viðreisn stýður þriðja orkupakkann, eins og forysta Sjálfstæðisflokksins.

Ef Elliði horfir til þess hverjir eru mestu stuðningsmenn hins umdeilda orkupakka þá hlýtur hann um leið að skoða hvar andstaðan er mest. Svarið blasir við: hún er hatrömmust innan Miðflokksins, Flokks fólksins og einnig hjá afturhaldsamasta armi Sjálfstæðisflokksins, hinum alræmda harðlínukjarna sem hatast við Evrópusambandið. Elliði ætti að spyrja sig þeirrar samviskuspurningar hvort hann sé sjálfur á villigötum þegar hann er orðinn sammála Miðflokki og Flokki fólksins, populístaflokkum sem hafa horn í síðu hins mikilvæga EES-samnings.



Þar skaut áhrifafólk í Sjálfstæðisflokknum sig sannarlega í fótinn.

Halldór



Frá degi til dags

Fleiri orkupakkar?
Miðflokkurinn sækir í sig veðrið í nýjustu skoðanakönnun MMR. Tekur hann duglegt stökk úr 9,2 prósentum í 11,8. Er Miðflokkurinn orðinn jafn stór og Vinstri græn og Framsóknarflokkurinn. Á sama tíma dala Píratar. Flokkur fólksins er einnig kominn með vind í seglin og mælist á pari við Viðreisn. Ljóst er að ákóf andstaða flokkanna við þriðja orkupakkann er að skila sér. Ef ríkisstjórnin heldur saman, sem er ekki sjálfsagt nú á síðari tímum, er langt í kosningar. Það verður forvitnilegt að sjá hvaða mál Miðflokkurinn og Flokkur fólksins velja næst til að halda á lofti. Verða það fleiri orkupakkar eða eitthvert annað illskiljanlegt mál sem auðvelt er að berjast gegn?

Nóttin langa
Umraða um þriðja orkupakkann stóð sleitulaust á Alþingi frá klukkan hálf níu á miðvikudagskvöldið og þar til um korter yfir sex í gærmorgun. Óhætt er að segja að Miðflokksmenn hafi átt sviðið. Af þeim 234 skiptum sem þingmenn stigu í ræðustól, ýmist til að halda ræðu, veita andsvör og svara öðrum eða til að ræða fundarstjórn forseta, voru Miðflokksmenn að verki í 176 skipti. Svo virðist sem nóttin sé þeirra tími. Spurningin er bara sú hvort honum sé betur varið í ræðustól Alþingis eða á börum bæjarins. arib@frettabladid.is
sighvatur@frettabladid.is

Rekið peningaslóðina



Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson kaupmaður

Kjötframleiðendur og hagsmunasamtök þeim tengd hafa löngum barist hatrammlega gegn frjálsum innflutningi á kjöti, hvort sem um ræðir ferskar eða frosnar afurðir. Nýlega var birt göðleg teiknimynd með alvarlegum undirtón hvar ný þrýstisamtök að erlendri fyrirmynd, skipulögð af Bændasamtökum Íslands, vara við innflutningi á kjöti „LYDHEILSUNNAR VEGNA“.

Í myndbandinu er látið í veðri vaka að fólk á meginlandi Evrópu sé nánast farsjúkt af kjötneyslu þrátt fyrir að það liggi fyrir að fólk um allan heim lifir ágætis lífi þótt það neyti kjöts sem ekki er íslenskt. Énn fremur er sterklega gefið í skyn með skjótum dauða litils griss að innflutningur á kjöti muni stráfella íslenska stofna, þótt það liggi fyrir að kjötið sé ætlað til manneldis. Að auki er stærðarinnar sprautu stillt upp fyrir framan skjálfandi bústofn í litlu lokuðu rými svo áhorfandi fái það á tilfinninguna að allir erlendir bændur niðist á skepnum sínum og það þekkist ekki á Íslandi.



Maður verður satt að segja smá hræddur af því að horfa á þetta myndband. Því þetta er jú hræðsluáróður, ýktur áróður sem notaður er til að dulbúa hinn sanna tilgang. Því þetta er jú hræðsluáróður, ýktur áróður sem notaður er til að dulbúa hinn sanna tilgang.

Maður verður satt að segja smá hræddur af því að horfa á þetta myndband. Því þetta er jú hræðsluáróður, ýktur áróður sem notaður er til að dulbúa hinn sanna tilgang. Því þetta er jú hræðsluáróður, ýktur áróður sem notaður er til að dulbúa hinn sanna tilgang.

Maður verður satt að segja smá hræddur af því að horfa á þetta myndband. Því þetta er jú hræðsluáróður, ýktur áróður sem notaður er til að dulbúa hinn sanna tilgang. Því þetta er jú hræðsluáróður, ýktur áróður sem notaður er til að dulbúa hinn sanna tilgang.

Maður verður satt að segja smá hræddur af því að horfa á þetta myndband. Því þetta er jú hræðsluáróður, ýktur áróður sem notaður er til að dulbúa hinn sanna tilgang. Því þetta er jú hræðsluáróður, ýktur áróður sem notaður er til að dulbúa hinn sanna tilgang.

Maður verður satt að segja smá hræddur af því að horfa á þetta myndband. Því þetta er jú hræðsluáróður, ýktur áróður sem notaður er til að dulbúa hinn sanna tilgang. Því þetta er jú hræðsluáróður, ýktur áróður sem notaður er til að dulbúa hinn sanna tilgang.

Osta-
pylsur
og fleira gott

- ✓ Ekkert hveiti
- ✓ Ekkert soyja
- ✓ Enginn sykur
- ✓ Ekkert MSG

Íslenskt kjöt
Íslensk
framleiðsla



Pylsumeistarinn

– við Laugalæk

Heimtir tómið alla?

Í DAG



Þórlundur
Kjartansson

Það getur verið hættuleg iðja að velta fyrir sér tilgangi lífsins. Og ekki skánar það eftir því sem maður veit meira um heiminn. Það gæti Alvy Singer, söguhetjan í kvikmyndinni Annie Hall, vitnað um.

Þegar Alvy var um það bil tíu ára gamall var hann orðinn fram-takslaus og þunglyndur eftir að hafa komist að því að alheimurinn væri að þenjast út og myndi á endanum tortímast og endaði því með mömmu sinni inni á stofu hjá sálfræðingi. Móður hans fannst þessar upplýsingar um afdrif alheimsins ekki koma heimanámi sonarins við. „Hvaða máli skiptir alheimurinn? Þú ert hér í Brooklyn. Og Brooklyn er ekki að þenjast út!“

Er lífið tilgangslaust?

Almennt séð má segja að tvær meginleiðir séu færar þeim sem áttar sig á óvaranlegu ástandi tilverunnar. Annars vegar að líta svo á að þar sem ekkert sé varanlegt þá sé allt meira og minna tilgangslaust. Hins vegar að taka þá afstöðu að einmitt vegna þess að ekkert er varanlegt þá sé lífið þeim mun dýrmætara. Þetta er vitaskuld gríðarleg einföldun, og er hætt við að lesendum úr stétt heimspekinga, guðfræðinga og sálfræðinga svelgist heiftarlega á morgunkorninu við að lesa svona glannalega afgreiðslu á dýpstu tilvistarspurningum mannkyns. Sorri með Cheerios-ið, en þetta er nú bara saklaus dagblaðspistill.

Ef við leyfum okkur þessa einföldun er nefnilega hægt að draga af henni enn fleiri ályktanir um lífið og tilveruna. Sem sagt; ef maður trúir því að lífið sé í raun tilgangslaust þá skiptir ekki máli hvort hlutir eru gerðir vel eða illa, hvort þeir eru vandaðir eða lélegir, fagrir eða ljótir. Þetta er afstaða hins unga Alvy Singer í bíómyndinni. Hann er hættur að reikna heimaðæmin sín. Þau skipta að sjálfsgöðu engu máli í huga drengs sem hefur komist að því að alheimurinn sjálfur sé á óstöðvandi leið til tortímingar. Móður hans hryllir við þessu. Í stað þess að horfa nokkra milljarða ára fram í tímann til endaloka alheimsins lætur hún sér nægja næstu ár og áratugi og hefur því skiljanlega áhyggjur af því hvers lags byrði á heimilislífinu hinn deprimeraði sonur hennar eigi eftir að verða þegar fram líða stundir.

Það er nefnilega nokkuð ljóst að tómið og tilgangssleysið munu heimta þá sem festast í sama hugsanamynstri og leiddi hinn unga Alvy Singer út af leikvælinum og inn á sálfræðiskrifstofuna.

Að gefa allt

Sá sem tekur hins vegar hina afstöðuna út frá sömu forsendu um óvaranleika heimsins mun haga lífi sínu allt öðruvísi. Hinn naumt skammtaði tími tilvistar okkar getur alveg eins verið óstöðvandi hvatning til þess að gera allt eins vel og frekast er unnt, að skilja eftir sig vandað verk, stuðla að fegurð og friði og vera gláður, bjartsýnn og gefa allt í það sem maður fæst við.

Grínistinn Jerry Seinfeld hefur til dæmis lýst því að hann hafi sett risastóra mynd úr Hubble stjörnusjónaukanum upp á skrifstofuna sína, þar sem jörðin sést sem örsmár punktur í óendanlegu

stjörnuhafi. Þetta gerði hann til þess að minna sjálfan sig á að þrátt fyrir stressið við framleiðslu vinsælasta sjónvarpsþáttar heims þá skipti það sem hann gerði í raun og veru engu. Þegar hann var spurður að því hvort þessi áminning um smæð hans í hinu stóra samhengi gerði hann ekki dapran sagði hann að þvert á móti þá væri það frelsandi sálutilfinning að minna sig á hversu lítil áhrif maður getur haft í hinu stóra samhengi hlutanna.

Risið úr öskunni

Framlag Íslands í Eurovision flakkar á milli algjörar tómhýggju og upplífandi metnaðar. Hömlulaust svall og endalaus þynnka leiða flesta menn í átt til þess að geta tekið undir það sem segir í textanum um að lífið sé tilgangslaust og að tómið muni heimta okkur öll. En atriðið og lagið sjálft, búningarnir, sviðsmyndin, skilaboðin og flutningurinn eru öll í hrópandi andstöðu við þessi

skilaboð. Þar ríkir fagmennska, fágun og metnaður. Hatari preðikar tilgangssleysi í orðum sínum en leggur allan sinn metnað og list í að gera eins vel og þau geta. Þau segja að hatrið muni sigra en vilja samt leggja lóð sitt á vogarskálar friðarins.

Þegar öllu er á botninn hvolft þá hafa þau líklega bæði rétt fyrir sér, Alvy Singer og mamma hans. Alheimurinn er vissulega að þenjast út og á endanum

munu efnisagnir jarðarinnar sogast inn í líflaust svarthol. En þangað til allt það gerist eftir milljónir og milljarða ára þá er eflaust hollari afstaða til lífsins að líta svo á að Brooklyn og Barðaströnd séu bara alls ekkert að þenjast út og maður eigi að gera heimaðæmin sín samviskusamlega—og leggja allan sinn metnað í tilgangslitlar skraut-sýningar eins og Eurovision þegar tækifæri gefst til.

FJÖLSKYLDUSAGA

OPIÐ HÚS BRAKKASAMTAKANNA

Sunnudaginn 19. maí kl. 13.00 – 16.30, í húsi Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8. Allir velkomnir!

Brakkasamtökin eru með opið hús í tilefni af opnun nýrrar heimasíðu með fræðslu og upplýsingum fyrir BRCA arfbæra og fjölskyldur þeirra.

Anna Einarsdóttir arfberi, rekur sögu brakkafjölskyldu en síðasta ósk móður hennar áður en hún lést úr brjóstakrabbameini var að dóttir hennar fengi úr því skorið hvort þetta gæti verið erfðasjúkdómur.

Meðal fyrirlesara á opna húsinu eru:

Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, Kristján Skúli Ásgeirsson brjóstaskurðlæknir, Laufey Tryggvadóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár og Helene Liette Lauzon rannsóknar- og vöruþróunarstjóri Primex Iceland.

Dagskrána má nálgast á www.brca.is



Tostitos snakk og ídýfur til að gera fullkomið nachos

verð frá **579** kr/stk



Aviko Steak Fries
Fullkomið meðlæti

271 kr/pk
Verð áður 339 kr/pk



Hagkaups pizzur 15"
Ferskar pizzur tilbúnar beint í ofninn í 8 mín á 220°C

verð frá **1.699** kr/stk



Rufus Teague BBQ sósur
gera góðan grillmat betri

verð frá **899** kr/stk



NÝJUNG
Freyju djúpur
Piparfylltar

399 kr/pk



KIPPUTILBOÐ
Green Cola -Vegan og Keto
Frábært bragð. Náttúrulegt koffín úr grænum kaffibaunum. Enginn sykur, sætt með stevíu

699 kr/6 stk
verð áður 954 kr/6 stk



KOMIÐ AFTUR

Cheetos
699 kr/pk



Meira fyrir Eurovision



15%
afsláttur



Snowdonia Cheddar margverðlaunaðir ostar frá Wales

verð frá **699** kr/pk



Sósur sem gera góðan borgara betri

349 kr/stk

Smash Style hamborgarar

2 x 100 g	2 x 120 g	2 x 140 g	2 x 250 g
450 kr/pk Verð áður 529	509 kr/pk Verð áður 599	594 kr/pk Verð áður 699	1.104 kr/pk Verð áður 1.299



20%
afsláttur

Grillbringur
Spicy Lemon & Black Garlic

1.999 kr/kg
Verð áður 2.499 kr/kg



15%
afsláttur

Lambafilé
Veislumarinerað með ferskum kryddjurtum

5.099 kr/kg
Verð áður 5.999 kr/kg



25%
afsláttur

Lambaprime
Veislumarinerað með ferskum kryddjurtum

4.124 kr/kg
Verð áður 5.499 kr/kg

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Úthöfin og framtíð okkar



Pétur Halldórsson
formaður Ungra umhverfissinna

Ungt fólk á hvað mest í húfi varðandi umhverfismál enda þarf ungt fólk að taka við því ástandi sem fyrri kynslóðir hafa skapað. Í okkar tilfelli eru það m.a. loftslagsbreytingar og nýtt útrýmingarskeið tegunda á jörðu. Þrátt fyrir þessa miklu hagsmuni hefur til þessa ekki verið tryggt að ungt fólk geti komið að borðinu þegar ákvarðanir eru teknar um framtíð þess. Þetta á ekki bara við í umhverfismálum heldur samfélagsmálum almennt.

Í mars sl. var ég staddur í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York að fylgjast með samningaviðræðum um úthöf heimsins, þ.e. öll hafsvæði utan 200 mílna lögsögu ríkja en þau eru tæplega helmingur yfirborðs jarðar. Þessi samningur er kenndur við Náttúruvernd utan lögsögu ríkja (Biodiversity Beyond National Jurisdiction – BBNJ) og á samningaviðræðum að ljúka í byrjun árs 2020. Þarna var ég staddur

sem fulltrúi Ungra umhverfissinna, félagssamtaka ungmenna á Íslandi um umhverfisvernd, en komst fljótt að því að ég var eini ungmennafulltrúinn viðstaddur. Ísland var s.s. eina ríkið í heiminum með lýðræðislega kjörinn fulltrúa ungmenna að fylgjast með samningaviðræðunum, jafnvel þótt þær fjalli um hvorki meira né minna en helming plánetunnar.

Þetta þótti mér lýsandi fyrir ástand heimsins í dag, enda er beinlínis skaðlegt fyrir samfélag og umhverfi að ungt fólk hafi ekki tækifæri til að hafa áhrif á eigin framtíð. Í þessu tilfelli orsakast sá skaði annars vegar af því að samninganefndir ríkjanna eiga ekki jafn miknið í húfi og ungt fólk og hins vegar af því að ungt fólk hefur nauðsynlegt leiðtogahlutverk í farsælli samvinnu milli ríkja og ólíkra menningarheima. Samstarf ungs fólks byggir á þeirri heimsmynd að jörðin sé okkar sameiginlega heimili og ungt fólk hefur ekki þolinmæði fyrir skaðlegum sjónarmiðum á borð við þau sem t.d. einkenndu tíma kalda stríðsins.

Eitt dæmi um alþjóðasamvinnu ungs fólks í umhverfismálum er hið alþjóðlega tengslanet ungmenna um norðurslóðir (Arctic Youth Network – AYN), sem var stofnað að frumkvæði Ungra umhverfissinna eftir fund með hóp frá Alaska (Arctic

Youth Ambassadors) á Hringborði norðurslóða í Hörpu, haustið 2017. Tengslanetið var formlega stofnað í Norræna húsinu í apríl sl. en hefur nú þegar ungmenni í 30 löndum sem hafa skuldbundið sig til að vinna saman að málafnum Norðurslóða með áherslu á hvernig loftslagsmál, náttúruvernd og menningarlegt jafnrétti tengjast innbyrðis.

En hvað vill ungt fólk fyrir úthöfin? Nýleg skýrsla Sameinuðu þjóðanna um ástand lífríkis á heimsvísu (Global Environment Outlook) sýnir að ástandið hefur aldrei verið verra og umhverfisráðherrar Norðurlandanna hafa talað um þörf á auknum metnaði í umhverfismálum, m.a. með því að nálgast náttúruvernd og loftslagsmál í sameiningu. Sé horft til úthafanna er því þrennt sem skiptir mestu máli fyrir ungt fólk: Í fyrsta lagi þarf að koma á neti verndarsvæða sem fá frið fyrir skaðlegum athöfnum manna. Þannig er hægt að vernda einstök og viðkvæm svæði, t.d. hverastrýtur með einstöku lífríki sem talið er að líkist þeim aðstæðum þar sem uppruni lífs átti sér stað (Lost City Hydrothermal Field). Í núverandi fyrirkomulagi er verið að undirbúa námuvinnslu á svæðum sem þessum. Í öðru lagi þarf að tryggja að mat á umhverfisáhrifum sé framkvæmt á



Ef við ætlum að leysa þær hnattrænu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir þá verðum við að gera það saman.

fullnægjandi hátt og það sé forsenda fyrir sjálfbærri nýtingu auðlinda hafins. Í núverandi fyrirkomulagi er t.d. vitað að botnvörpuveiðar hafa mikil áhrif á sjávarbotnsvistkerfi en umhverfisáhrif þeirra hafa samt sem áður ekki verið metin. Í þriðja lagi þarf að tryggja að vernd og nýting á alþjóðahafsvæðum lúti sömu yfirstjórn, svo að skýrt sé að nýting byggji á forsendum sjálfbærrar þróunar og tekið sé mið af samlegðaráhrifum vegna ólíkra athafna manna. Í núverandi fyrirkomulagi er nýting og vernd ymist aðskilin, t.d. í Norðaustur-Atlantshafi (NEAFC og OSPAR), eða stjórnlaus líkt og á stórum hluta úthafssvæða heimsins. Núverandi fyrirkomulag skortir því bæði það skipulag og gagnsæi sem þarf til að tryggja sjálfbæra nýtingu og vernd úthafssvæða.

En eru samningaviðræðurnar á réttri leið? Mín upplifun á síðasta

samningafundi var sú að of mörg ríki séu enn föst í sérhagsmunagæslu eigin ríkis og geri sér ekki fyllilega grein fyrir því neyðarástandi sem ríkir á jörðinni. Nú stýttist í þriðja samningafundinn, sem verður í lok ágúst, og mun sá fjórði og síðasti eiga sér stað í byrjun árs 2020. Ef koma á í veg fyrir að samningaviðræðurnar mistakist er nauðsynlegt að ungt fólk geti haft áhrif, ekki bara á Íslandi heldur í öllum ríkjum heimsins. Samtal Ungra umhverfissinna við íslensku sendinefndina hefur vissulega verið framför en betur má ef duga skal. Eðlilegast væri að ungt fólk hefði fulltrúa í sendinefndum Íslands á alþjóðavettvangi því framtíð plánetunnar er ekki einkamála stjórnvalda. Þá skiptir líka höfuðmáli að ungt fólk sé ekki notað sem skrautfjöldur, heldur fái raunverulega að taka þátt í ákvarðanatöku í krafti lýðræðislegs umboðs. Þátttaka ungs fólks í sendinefndum væri jafnframt í takt við áherslur íslenska ríkisins á alþjóðavettvangi, s.s. í formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurskautsráðsins, sem fjalla m.a. um að valdefla ungt fólk og efla samfélagsþátttöku á norðurslóðum. Ef við ætlum að leysa þær hnattrænu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir þá verðum við að gera það saman.

Innleiðum ekki gamla tíma



Orri Hauksson
forstjóri Símans

Í mars á þessu ári sagði yfirlögfræðingur Vodafone í Bretlandi, Helen Lamprell, að skortur á aðgangi að svörtum ljósleiðara væri stærsta hindrunin fyrir framförum í uppbyggingu á næstu kynslóð far-símaneta í Bretland. Í Stokkhólmi hefur borgin rekið frá 1994 gagnaveitufyrirtækið Stokab sem hefur alla tíð veitt slíkan aðgang. Nú er svo komið að yfir 100 fjar-skipta-

fyrirtæki nota þá innviði til að keppa um hylli neytenda með eigin tæknilausnum og verðlagningu. Er þetta fyrirkomulag ein helsta ástæða þess að Stokkhólmur er eitt þróaðasta nýsköpunarsvæði heims. Enda eru önnur fjarskiptafyrirtæki í Svíþjóð í skýjunum með þetta umhverfi. Hér er til dæmis tilvitnun í Jon Karlung, stofnanda Bahnhof (sem má líkja við Hringdu hér heima): „Ef sambærilegur aðgangur væri að svörtum ljósleiðara annars staðar í Evrópu og er í Stokkhólmi, gætum við vaxið þar strax og keyrt áfram sams konar verðlækkanir og breiðara þjónustuframboð eins og við höfum gert í Svíþjóð.“


Í nýlegri úttekt eins virtasta ráðgjafarfyrirtæki heims, McKinsey & Company, kemur svo fram að



Mikilvægt er að átta sig á því að þróunin er feikilega hröð í fjar-skiptaheiminum.

til þess að hægt sé að fjármagna þá dýru innviðauppbyggingu sem nauðsynleg er vegna 5G, sé þörf á dýpri samnýtingu en tíðkast hefur. Síminn deilir þessari skoðun með McKinsey, Vodafone UK, Bahnhof og fleirum sem hafa nýlega tjáð sig á sömu nótum.

Mikilvægt er að átta sig á því að þróunin er feikilega hröð í fjar-skiptaheiminum. ESB-tilskipunin sem Alþingi hefur til meðferðar um



„ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjar-skriptaneta“ var samþykkt af ESB árið 2014. Það þýðir að grunnur hennar var skrifaður fyrir sex til sjö árum. ESB er nú þegar búin samþykka næstu fjar-skriptastefnu þar sem leiðarminnið er samvinna og samnýting fjar-skriptainnviða með samkeppni og

nýsköpun að leiðarljósi, samhliða þjóðhagslega hagkvæmri uppbyggingu.

Við Íslendingar höfum í hendi okkar – eða réttara sagt Alþingi – að tryggja að okkar umgjörð verði framsækinn og í takt við tímann. Það væri synd að lenda aftur fimm árum á eftir ríkjum Evrópusambandsins.



Tveir á toppnum frá Škoda.

Škoda Kodiaq og Karoq hafa slegið rækilega í gegn með útliti sem tekið er eftir hvar sem þeir fara og aksturseiginleikum sem gera lífið skemmtilegra. Komdu í reynsluakstur og mátaðu þig í Kodiaq eða Karoq litla bróður. Hliðkum til að sjá þig.

Škoda Kodiaq 4x4
Ambition / 1.5 TSI / Sjálfskiptur
Verð frá **5.790.000 kr.**

Škoda Karoq
Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur
Tilboðsverð **4.390.000 kr.**
Listaverð **4.850.000 kr.**
Afsláttur **460.000 kr.**

WEDNESDAY

FÖSTUDAGUR 17. MAÍ 2019

Brúðkaup



Urður Ósk Árnadóttir klæddist brúðarkjól móður sinnar þegar hún var skird daginn fyrir fermingu sína í vor. Mamman, Drífa Bjarnadóttir, segir tilfinningar sitja eftir í kjólefninu.

➔4



Ætlaði aldrei að gifta mig

Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir ljósmyndanemi á minningar um mjög sérstök brúðkaup í höll í Kólumbíu og á Reðursafniinu. Hún giftist sjálf úti í Argentínu eftir stutt samband. ➔2



Gerviblóm í miklu úrvali frá kr. 1.900



3 fyrir 2 tilboð af púðum þú kaupir tvo púða og þriðji fylgir frítt með*
*Ódýrasti púðinn fylgir frítt



Sara Körfur kr. 6.200 - 10.600



Lena Ljós kr. 12.900

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁN - FÖS 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Framhald af forsiðu →

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir

sandragudrun@frettabladid.is



Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir og Tomii Viviani kynntust í Barcelona árið 2017 þegar Gunnlöð var stödd þar í frí. Tomii er frá Argentínu, hafði verið að ferðast en stefndi að því að flytja til Barcelona.

„Við náðum einhverjum tæpum þremur vikum saman í Barcelona og við vissum ekkert hvað tæki við,“ segir Gunnlöð um aðdraganda þess að hún og Tomii giftu sig í Argentínu eftir nokkurra mánaða samband.

„Hann kom til Íslands þremur vikum eftir að ég kom heim frá Barcelona. Hann flutti eiginlega inn til mín strax og við fórum að spá í hvernig við gætum látið þetta ganga upp því landvistarleyfið hans var að renna út. Við komumst svo að þeirri niðurstöðu að best væri að gifta okkur,“ segir Gunnlöð og lýsir því yfir um leið að hún hafi sko aldrei ætlað að gifta sig.

„Ég sá aldrei tilganginn í að gifta mig og fannst að fólk ætti ekkert að vera gift, en svo var það eiginlega það eina sem var í bði ef við ætluðum að vera saman.“

Gunnlöð og Tomii flugu til Argentínu til að gifta sig. „Þetta var vöðalegt pappírsvesen. Úti í Argentínu má ekki gifta sig ef maður er með ákveðna sjúkdóma og við urðum þess vegna að fara í blóðprufu. Mér fannst það mjög skrytið,“ segir Gunnlöð. En þau fóru í blóðprufurnar og biðu svo í viku áður en þau fengu leyfi til að gifta sig. Þegar komið var að skrifstofunni í úthverfi Buenos Aires, þar sem athöfnin fór fram, tók við meiri bið.

Biðu í 40 mínútur í steikjandi hita

„Þetta var ekki beint sýslumaður en var samt skrifstofa sem sér um að gefa út öskuskírteini, formlega pappíra, giftingar og þess háttar. Þetta var lítil skrifstofa, frekar sóðaleg og ekki beint fallegur staður til að gifta sig. Þegar við komum þangað þurftum við að biða í 40 mínútur fyrir utan af því að konan sem átti að gifta okkur skildi ekki íslenska eftirnafna-kerfið.“

Gunnlöð útskýrir að þau hafi þurft að gefa upp fullt nafn foreldra sinna og konan skildi ekki af hverju Gunnlöð var Rúnarsdóttir en pabbi hennar ekki. „Allir aðrir á skrifstofunni skildu það nema þessi kona. Henni fannst hún þurfa að skilja það áður en hún gæti gift okkur.“

Þetta varð til þess að Gunnlöð, Tomii, fjölskylda hans og vinir,



Gunnlöð og Tomii giftu sig úti í Argentínu og héldu veislur í tveimur löndum. Eftir athöfnina kom hellidamba í Buenos Aires í fyrsta sinn í þrjá mánuði.

biðu úti í steikjandi hita þar til konan áttaði sig á því að ekkert grunsamlegt byggi að baki því að pabbi Gunnlaðar væri ekki Rúnarsdóttir.

Loksins var þeim hleypt inn og athöfnin gat farið fram. „Við vorum með beina útsendingu á Facebook, af því að fjölskylda mín vildi ekki missa af þessu,“ sagði Gunnlöð. Hún átti von á því að bara nánasta fjölskylda og vinir myndu horfa á útsendinguna en áhorfið er komið upp 1.500 manns. „Það var svo skemmtilegt að fólk sem ég þekkti fyrir löngu sendi mér skilaboð og sagði að því hefði fundist svo gaman að fá að horfa.“

Um kvöldið var haldin veisla heima hjá pabba Tomii. Það hafði ekki rignt í Buenos Aires í þrjá mánuði og búið var að stilla öllu upp fyrir veislu í garðinum, setja upp ljós og hengja upp alls konar skreytingar. En um leið og Gunnlöð og Tomii mættu á staðinn kom hellidamba og allt rigndi niður.

„Það flæddi allur inngangurinn, en svo var okkur sagt að rigning á brúðkaupsdaginn boðaði gæfu,“ segir Gunnlöð hlæjandi. Gestirnir tróðu sér allir inn í þínulitla stofu og hlupu svo út þegar stytti upp inn á milli.




Veislugestir í rigningu í Argentínu.

Brúðkaup í höll og á Redursafninu

„Ég var búin að elda eitthvað fyrir fólkið en vissi ekkert hversu margir myndu koma og hafði aldrei eldað fyrir veislu áður. Það kláraðist bókstaflega allt á fyrstu tíu mínútunum og svo voru bara pantaðar pitsur. Þetta var allt einhvern veginn mjög óformlegt og hálfklúðurslegt, en samt akkúrat eins og það átti að vera,“ segir Gunnlöð sem er alls ekki ókunnug óvenjulegum brúðkaupum.

„Þegar ég var 15 ára fór ég með mömmu og bróður mínum til Kólumbíu. Mamma var gift kólumbískum manni áður en við systkinin fæddumst og okkur var boðið í brúðkaup til frændfólks hans.“

Brúðkaupið var haldið í eldgömlu risastóru húsi þar sem foreldrar brúðarinnar bjuggu. „Þetta var eiginlega höll, efri hæðin var risastór salur með gosbrunni í miðjunni og nedri hæðin var alveg tvær eða þrjár íbúdir. Kvikmyndin Love in the Time of Cholera var tekin upp að stórum hluta í húsinu. Þannig að það var nýbúið að gera allt upp og mála ótrúlega flottar veggmyndir í borðstofunni, þetta var ótrúlega grand og risastórt. En það sem var eiginlega merkilegast var að þetta voru systkinabörn sem voru að



Tomii og Gunnlöð stilla sér upp á mynd með litlu systkinum og litlu frænku Gunnlaðar í veislu sem haldin var á Íslandi. MYND/ÞÓRDIS ERLA ÁGÚSTSDÓTTIR



Nýgift! Gunnlöð og Tomii alsæl eftir athöfnina í Argentínu.

giftast,“ segir Gunnlöð sem segist hafa átt erfitt með að skilja hvernig það gæti gengið.

„Ég held að pabbi brúðgumans eða afi hans, ég þori ekki alveg að fara með það, hafi verið einn af stóru kókaínbarónunum þarna fyrir einhverjum áratugum, þannig að það var allt flæðandi í peningum þeim megin í fjölskyldunni líka. Þetta var eins og að fara inn í einhverja töfraraunsæisbók frá Kólumbíu. Allir voru klæddir í hvítt, dansandi salsa langt fram eftir nóttu að fagna brúðkaupi þessara systkinabarna, þetta var mikil upplifun fyrir 15 ára stelpu.“

Gunnlöð segir frá því að brúðkaup foreldra hennar hafi líka verið nokkuð óvenjulegt. „Þau giftu sig þegar ég var 10 ára, en eru reyndar skilin núna,“ segir hún. „Þau voru með ásatrúarbrúðkaup sem var haldið á Redursafni Íslands sem afi minn átti.“

Gunnlöð segir að það sé mjög fyndið að skoda myndir frá athöfninni, „það er búið að raða upp stólum og allir sitja voða finir inni á safninu og svo eru typpi í krukkum allt í kring,“ segir hún hlæjandi.

Breytti engu en samt öllu
Eftir brúðkaupið í Argentínu fóru Gunnlöð og Tomii aftur til Íslands. Þar voru þau í ár áður en þau fluttu

til Barcelona, þar sem Gunnlöð leggur stund á mastersnám í ljósmyndun. Áður en þau fluttu út var haldin önnur brúðkaupsveisla á Íslandi „Það var þínu skrytið, ég ætlaði aldrei að gifta mig, en svo allt í einu var ég að fara að gifta mig eftir sex mánaða samband og enginn úr fjölskyldunni eða vinir voru hjá mér,“ segir Gunnlöð. „Ég varð þess vegna að fá smá veislu heima.“

Ég ætlaði ekki að gera mikið úr þessu. Það var ekkert mikið planað,“ segir Gunnlöð. Fjölskyldan kom brúðhjonunum aftur á móti á óvart með óvæntum skemmtiatriðum. Söngkonan Guðrún Ýr, betur þekkt sem GDRN, og leik- og söngkonan Katrín Halldóra komu og sungu nokkur lög og hljómsveitin Bergmál kom líka og spilaði fyrir gestina.

Gunnlöð segir að það sem helst standi upp úr hjá henni varðandi þessar tvær veislur sé það hvað lítið hefur breyst eftir það. „Mér finnst skrytið að ég sé gift, ég veit ekki alveg hvernig ég á að útskýra þetta, en brúðkaupið breytir í raun engu en breytir samt öllu. Ef við hefðum ekki gift okkur, þá hefðum við ekki hefðandi verið saman. Hann hefði þurft að fara til Argentínu, ég var í námi og hefði ekki getað komið líka. En svo giftum við okkur og lífið er bara eins og venjulega.“

Brúðdagjafalistar

Fólk er kynningarbláð sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðandi ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gisladóttir, solveig@frettabladid.is, s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sölumenn: Arnar Magnússon, arnar@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johanna@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653, Torg ehf | Kristin Þorsteinsdóttir@frettabladid.is

Lin
DESIGN

ÍSLENSK HÖNNUN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDSIGN.IS



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Kjöllinn er umgjörð sælla minninga

Urður Ósk Árnadóttir klæddist brúðarkjól móður sinnar þegar hún var skírð daginn fyrir fermingu sína í vor. Mamm-an, Drífa Bjarnadóttir, segir tilfinningar sitja eftir í kjólefni.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Víð vorum að velta fyrir okkur hverju Urður ætti að klæðast við skírnina þegar hvítir og síðir skírnarkjól ung-barna komu til tals og ég mundi eftir brúðarkjólum mínum inni í skáp. Úr varð að stelpan mátaði kjöllinn sem smellpassaði og hún vildi ekkert frekar en að fá skírnina í brúðarkjólum," segir Drífa sem gifti sig í kjólum 18. júní 2006.

„Það var fyrsti göðviðrisdagur sumarsins það árið. Við vorum búin að krossa putta að veðrið yrði þokkalegt og óskir okkar rættust," segir Drífa sem gafst Árna Jóhannssyni í náttúruferlunni Þakgili á Höfðabrekkufretti milli Mýrdalsjökuls og Mýrdals-sands, ofan við Vík í Mýrdal, þar sem hún er fædd og uppalin. „Ég var voða lítið að spá í

brúðarkjól og ætlaði bara að gifta mig því ég var orðin viss um að ég vildi eiga þennan kall. Við vorum búin að vera saman í þó nokkur ár, komin með tvo krakka og búin að hugsa okkur vel um," segir Drífa hláturmild en það var vin-kona hennar sem hafði áhyggjur af kæruleysi Drífu þegar kom að brúðarskartinu.

„Því dró hún mig út á eyrunum einn daginn til að finna brúðarkjól og við þræddum hverja búðina á fætur annarri þar til ég fann þennan eina sem ég vildi í kjólabúð á Laugaveginum. Þá var ég búin að máta helling af alls konar brúðarkjólum en þótti þeir heldur íburðarmiklir, blúndaðir og perlum skreyttir, sem er ekki alveg minn stilli," upplýsir Drífa sem valdi sér hnésíðan, hvítan og ermalausan kjól fyrir stóra daginn.

„Ég ákvað að klæðast stuttum brúðarkjól og flatbotna skóm því brúðkaupið fór fram í helli og ég vildi síður draga síðan kjól

með slóða eftir moldargólfinu í hellinum. Foreldrar mínir reka tjaldsvæði í Þakgili og höfðu skreytt hellinn með kertum um alla vegg og skrifað nöfn okkar Árna með steinum á hvítdukað borð. Brúðkaupið var lítt skipu-lagt og leikið af fingrum fram en presturinn, séra Pétur Þorsteins-son í Óháða söfnuðinum, var hress og skemmtilegur og lét alla standa í hring og syngja saman „Þá var kátt í hellinum," segir Drífa og brosir að minningunni.

Hún fann ástina í borgar-barninu Árna á námsárum sínum í Reykjavík þegar Drífa nam líf-fræði við Háskóla Íslands og síðar fiskeldisfræði. Þau búa nú í Vík og reka fjölskyldufyrirtækið Lindar-fisk í félagi við foreldra Drífu.

„Árni var afar tregur í taumi að flytja með mér austur og þurfti ég að byggja hús og stússast heimik-ið til að ná honum heim í æskulöndin. Hann býr nú sáttur í Vík sem er yndislegur staður og hér er gott að ala upp börn. Það er líka gaman að vera fiskibóndi en alveg ótrúlega mikil vinna," segir Drífa sem hóf landeldi á bleikju 2011.

Kirkjukjöll með tilfinningar

Brúðarkjöll Drífu er finlegur og látlaus.

„Ég hugsaði með mér að ég gæti notað hann aftur við sparileg til-efni. Ég klæddist honum í annað sinn við fermingu eldri dóttur okkar, Perlu Rósar, og nú í vor var hann dreginn fram í þriðja sinn þegar Urður Ósk, dóttir okkar, var skírð daginn fyrir fermingu sína," segir Drífa, en á fermingardaginn tók við allt annað stef hjá fermingarbarninu sem klæddist litrikum glimmerkjól með palli-ettum.

„Þegar presturinn, séra Haraldur M. Kristjánsson, sóknarprestur í Vík, útskýrði fyrir Urði hvað það þýddi að skírast í kristinni trú var það á fremur fornu máli eins og það er orðað í Biblíunni. Því væri kannski ekki fyrir hvern sem er að skilja svo fornt mál. Svaraði Urður því til að hún skildi það sennilega betur en hvítvoðungarnir sem væru bornir til skírnar og það þótti skemmtilega mælt. Presturinn sagði þetta auðvitað rétt og jós að því búnu vatni yfir höfuð Urðar," segir Drífa sem fylltist góðri tilfinningu við að sjá dóttur sína klæðast brúðarkjólum af þessu tilefni.

„Það var gaman að sjá Urði klæðast þessum hátíðarkjól og nú vantar bara að Perla Rós klæðist honum líka. Það væri gaman ef kjöllinn yrði að brúðarkjól stór-fjölskyldunnar og hann hangir alltaf jafn fallegur inni í skáp, óslitinn og sigildur í mód," segir Drífa og bætir við að Urði hafi þótt mikil upplifun að skírast í brúðarkjól mómmu sinnar.


„Henni þótti það sérlega hátíð-legt og sagði við athöfnina að kjöllinn væri í hennar huga kirkjukjöll. Kjólum fylgja vitaskuld miklar tilfinningar og þær sem hafa klæðst honum hafa í brjósti sínu upplifað gleði og geðshræringu á stórum stundum lífsins. Kannski það sitji eftir í efninu og er fagurt um að hugsa, og þótt þetta sé bara kjöll er hann sannarlega umgjörð sælla minninga."



Brúðkaupsdagurinn var bjartur og fagur þegar Drífa og Árni giftust í Þakgili. Urður er í fangi pabba síns og Perla hjá mömmu. MYND/FRIDRIK TRYGGVASON



Urður Ósk á skírnardag sinn með séra Harald M. Kristjánssyni í Vík.



Urður tók sig glæsilega út í brúðarkjól móður sinnar á skírnardaginn.



Fjölskyldan í Víkurkirkju á skírnardegi Urðar Óskar. Amma og afi Urðar, Helga Ólafsdóttir og Bjarni Jón Finnsson, voru skírnarvottar. Drengurinn er Arnaldur, bróðir Urðar. MYNDIR/DRÍFA BJARNADÓTTIR OG BJARNI JÓN FINNSSON.

SIGURBOGINN
LOKAR!

Laugavegi 80, 101 Reykjavík
-25% afsláttur af öllum vörum!
15% afsláttur af BIOEFFECT!

SIGURBOGINN VEVERSLUN

WWW.SIGURBOGINN.IS

SIGURBOGINN
SNIYR- OG TÍSKUVÖRUVESLUN

LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

Fyrir falleg brúðkaup



iittala

Bite

Húsgagnahöllin býður úrval af vönduðum gjafavörum fyrir stóra daginn. Óskalistar auðvelda vinum og fjölskyldu að finna draumagjöfina; borðbúnað, fallegar gjafavörur eða jafnvel húsgögn. Allt fyrir lifandi heimili. Brúðhjón með lista hjá okkur fá að loknu brúðkaupi inneign að andvirði 15% þess sem verslað var af honum.

Kíktu til okkar, það er okkur ánægja að auðvelda ykkur valið.



eva solo



iittala



iittala



eva solo



iittala



iittala



EIGHT MOOD SWEDEN



iittala



b BROSTE COPENHAGEN



iittala



b BROSTE COPENHAGEN



iittala



HÚSGAGNA
HÖLLIN

YFIRHAFNIR & DRAKTIR



Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

Flottir
kjólar

Verð 8.900 kr.

Klíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15



Það er vinsælt að láta gefa sig saman úti í íslenski náttúru. MYND/KRISTÍN MARÍA JÓNSDÓTTIR

Mikilvægt að parið
stjórnri ferðinni

Bjarni Snæbjörnsson, athafnastjóri hjá Siðmennt, hefur gefið saman pör við óvenjulegar aðstæður. Siðmennt telur mikilvægt að geta boðið fólki upp á virðulegar veraldlegar athafnir.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Bjarni Snæbjörnsson, leikari, söngvari, listamaður og leiklistarkennari, gekk í lífsskóðunarfélagið Siðmennt fyrir nokkrum árum. Hann komst að því að félagið var að leita að athafnastjórum og skellti sér á námskeið. Síðan eru liðin fjögur ár og fjöldi para sem hann hefur gefið saman farinn að nágast hundrad.

Siðmennt er veraldlegt lífsskóðunarfélag sem býður upp á veraldlegar athafnir eins og borgaralegar fermingar, nafngjafir, giftingar og útfarir. Í veraldlegri giftingu er parið sem gengur í hjónaband í forgrunni og vilji þess til að staðfesta heit sín og ást, vináttu, traust og virðingu.

Bjarni segir að athafnirnar sem hann hefur stjórnað hafi farið fram á ýmsum stöðum. „Ég hef gefið saman mikið af erlendum pörum. Þau vilja oftast vera úti við, við fallega fossa, uppi á bjargi, við fallega læki eða ár eða eitthvað þess háttar. Það er mjög vinsælt að nota íslenska náttúru sem sviðsmynd.“

Ein eftirminnilegasta athöfnin sem Bjarni stjórnaði var þegar hann gaf saman amerískt par uppi á Hjörleifshöfða. Vegna stormviðvörðunar varð að flýta giftingunni um einn dag. „Við urðum þess



Bjarni giftir par við Glym í Hvalfirði. MYND/KRISTÍN MARÍA JÓNSDÓTTIR

vegna að drifa okkur á staðinn, ég var ekkert búinn að ná að hitta parið, en við höfum yfirleitt fund fyrir athöfnina til að fara yfir hvernig hún á að fara fram.“ Bjarni segir að fólkið hafi ætlað að láta hann hafa texta til að lesa upp í athöfninni en þau urðu að velja textann í bílnum á leiðinni á Hjörleifshöfða.

„Við fórum þangað á sitthvorum bílnum, þegar ég kom á staðinn fékk ég heilar 15 blaðsíður af efni sem þau vildu að ég læsi upp úr fimm mismunandi bókum. Þetta voru Shakespeare-sonnettur og heimspekipælingar. Ég fór á taugum í smástund yfir að þurfa að frumlesa mjög flókinn enskan texta í athöfninni sjálfri. Sem betur fer er ég með BA-gráðu í ensku svo ég varð bara að nýta mér hana og leikaramenntunina mína og ég sagði við sjálfan mig: „Ókei, Bjarni, þú getur þetta. Þú bara kýlir á þetta.“ Í ljósi aðstæðna vissu þau að þetta yrði ekki fumlaus athöfn og þegar ég kunni ekki að bera fram einhver orð þá hjálpuðu þau mér og svo bara hlógum við að þessu. Þetta var dásamleg og sönn athöfn,“ segir hann.

Bjarni segir eftirminnilegustu athafnirnar oft tengjast veðri og þarna uppi á Hjörleifshöfða var einmitt brjáláð veður. „Athöfnin

tók hátt í 40 mínútur, út af veðri og af því það tók svo langan tíma að lesa allan þennan texta, en þau voru ofboðslega ánægð með þetta. Voru bara alveg í skýjunum.“

Bjarni segir að Siðmennt vilji að athafnirnar séu eftir höfði parsins. „Ef þau vilja prufa óhefðbundna hluti þá reynum við að verða við því, en svo eru margir sem vilja hafa athöfnina hefðbundnari og hafa brúðkaupið í sal þar sem brúðurin gengur inn milli gestanna, í hvítum kjól. Aðalatriðið er að brúðhjónin hafi þetta eins og þau óska sér.“

Fyrsta giftingin á vegum Siðmenntar var árið 2007. Fram til ársins 2013 voru giftingar á vegum félagsins aðeins táknaðar, en urðu löggjörningar frá miðju ári 2013. „Þær voru 36 það árið og 56 árið á eftir. Síðan þá hefur athöfnunum fjölgað jafnt og þétt og voru giftingar á vegum Siðmenntar alls 251 á síðasta ári,“ segir Siggeir F. Ævarsson, framkvæmdastjóri félagsins.

„Það er okkar tilfinning að vinsældir veraldlegra athafna fari vaxandi. Við finnum fyrir miklum meðbyr, enda teljum við mikilvægt að geta boðið fólki upp á virðulegar veraldlegar athafnir við helstu tímamót lífsins,“ bætir hann við.

01

Elephant stóll & kollur



NORR11 kynnir: Elephant kollinn. Elephant kollurinn er hugsaður sem skemill við Elephant hægindastólinn eða bara sem kollur einn og sér.



Klæðskerasaumuð fót fyrir stóra daginn þinn

*Nánari upplýsingar má finna
á herragardurinn.is*

herra
GARÐURINN
sérsaumur

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel





Íslensk brúðkaup hafa tekið mörgum breytingum. Allt frá því að vera brúðkaup í orðsins fyllstu merkingu þar sem kona kostaði 48 álnir vaðmáls, eða falleg, táknræn athöfn í nafni ástarinnar.

ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SEGJA JÁ! VIÐ SJÁUM UM TÆKNIBÚNAÐINN

Við leigjum veislutjöld, borð og stóla, uppblásna sófa, hljóðkerfi, ljósakerfi, skjávarpa, sýningar-tjöld, hoppukastala og fleira fyrir þinn viðburð.

Skoðaðu lausnir okkar á exton.is eða sendu okkur póst á exton@exton.is

EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd

Kópavogi - S: 575 4600 | Akureyri - S: 575 4660

Þú færð confetti hjá okkur!

Gamlar íslenskar brúðkaupshefðir

Ýmislegt hefur gengið á í brúðkaupum fyrri alda og ára og kemur ekki á óvart að þau hafa tekið ýmsum breytingum eftir tíðaranda hér á Íslandi. Það er áhugavert að sjá hve margar hefðir hafa fengið að lifa til dagsins í dag, eða ekki.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Upplýsingar í þessari grein voru teknar úr ritgerð eftir Veru Guðrúnu H. Borg-hildardóttur, „Sumar hefðir eru skemmtilegar og gaman að virða þær, en aðrar kannski börn síns tíma“, sem fjallar um þróun brúðkaupshefða í gegnum aldirnar.

Vinsælasta árstíðin fyrir brúðkaup var haustið, og oft gifti fólk sig í október, vegna þess að þá var sláttur og kornuppskeru lokið og hægt að bjóða brúðkaupsgestum kjöt og öl. Í dag þurfa landsmenn ekki að huga að þessu og slyddan hefur vikið af velli fyrir sumarblæ júlímánaðar. Það er ágætt því sú var hjátrúin sem hélt sér í gegnum aldirnar að veðurátt á brúðkaupsdaginn hefði spádómsgildi um hvernig hjónabandi myndi ganga. Ekki á að örventa ef það er léttur regnúði á brúðkaupsdaginn því það er víst tákni um frjósemi og peninga.

Fyrsta íslenska heimildin um brúðkaup og hvernig þau voru haldin fyrir og í kringum fyrstu þúsöld hér á landi er Eddukvæði. Þar kemur fram að drukkið var svokallað festaröl eftir að kaupmáli brúðkaups hafði náðst, og táknaði að brúðurin og brúðguminn voru að ganga inn í sitthvora fjölskylduna.

Föt brúðguma breytast lítið

Brúðurin klæddist vanalega höfuðbúnaði úr ljósum og hvítum dúkum, sem var einkenni íslenskra kvenbúninga í þrjár aldir. Á 16.-18. öld fóru brúðir að bera skildahúfur, sem voru kringlöttar húfur skreyttar útskornum

gyltum silfurskjöldum. Áður en hvítir brúðarkjól fóru að sjást hér á landi voru brúðirnar stundum í skautbúningi, en klæðnaðurinn fór auðvitað eftir hve mikið fé brúðhjónin höfðu á milli handanna. Fram að 1920 var algengt að konur giftust í peysufötum. Sumum fannst ósiðlegt að konur væru í hvítu á brúðkaupsdaginn ef þær voru ekki hreinar meyjar. Hins vegar hafa fót brúðgumans tekið fáum breytingum í gegnum aldirnar, dökkleit jakkaföt og kannski í seinni tíð kjölföt. Síðan þótti flott að vera í „dönskum skóm“, lágheiluðum leðurskóm, fyrir bæði brúðgumann og brúðina.

Brúðkaupsveislur fyrri alda stóðu yfir í allt frá tveimur dögum til viku. Veislan byrjaði iðulega á brúðargangi, þar sem tvær virðingarmestu konurnar í sveitinni leiddu brúðina til kirkjunnar og svo frá kirkjunni í veisluhúsið, ógiftar konur fylgdu á eftir. Tveir virðingarmestu karlarnir leiddu brúðgumann á eftir konunum, og restin af veislugestunum kom á eftir honum.

Grjónagrautur og hangikjöt

Í veislunum hélt svo síðamaður ræðu og mælti fyrir gríðum, sem þýðir að samfélagslegar deilur voru lagðar til hliðar og bannað að láta þær spilla gleðinni. Það er spurning hvort þessi hefð gæti komið sér vel í veislum í dag. Síðan var regla að meðan á brúðkaupinu stæði var bannað að nefna brúðhjónin á nafn, það mátti bara ávarpa þau sem brúðguma og brúði, ef einhver gleymdi sér þurfti viðkomandi að drekka vítadrykkju í lok veislunnar um morguninn, sem sagt þamba glas af einhverju áfengu.

Í veislum fram að miðri 19. öld var fyrsti rétturinn í brúðkaupsveislunum oftast grjónagrautur eða kjötsúpa. Síðan var borin fram steik eða kalt hangikjöt og í eftirrétt voru pönnukökur, lummur og vöffur með kaffi. Þúns fór að verða vinsælt á 19. öld, sem var yfirleitt blanda af heitu vatni, rommi, sykri, kanelberki og þúns-extrakti.

Borgað fyrir meydóminn

Fyrir norðan tíðkaðist að halda svokallaðar brauðveislur, þar sem boðið var upp á brauðmeti eins og laufbrauð, pönnukökur og skonrok. Hver gestur fékk ákveðinn skammt af brauði og bolla með sírópi til að dýfa brauðinu í. Síðan var boðið upp á brennivín fyrir karlana og kirsuberjavín eða messuvín handa konunum. Í byrjun 20. aldar fóru eldaveilar og bakarofnar að sjást á heimilum Íslendinga og þá fyrst fóru kokuveislur að verða vinsælli.

Þegar kom að brúðkaupsnóttinni var brúðinni fylgt í sængurhúsa af línkunum, sem afklæddu hana og settust svo á rúmstokkinn. Brúðgumanum var svo fylgt inn af kórlunum í veislunni. Karlarnir áttu að bjóða í brúðarsængina þar til kæmi tilboð sem línkunum þótti hæfa. Auðvitað bauð brúðguminn hæst, sem hann borgaði svo með gjöf til brúðarinnar morguninn eftir. Þessi gjöf hafði í raun þann tilgang að borga fyrir meydóm nýju eigin-konunnar.

Það má vissulega segja að sumar af þessum gömlu hefðum séu barn síns tíma og eigi ekki við íslenskt samfélag í dag, en trúlofaðir og þeir sem eru í giftingarhug geta kannski fengið einhverjar hugmyndir úr þessari grein, eða ekki.



FLOTT SUMARFÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Kjötkompaní

ALLT FYRIR
EUROVISION
GRILLID



Hafnarfjörði & Grandá

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)



Þessi brúðarkjöll getur varla talist klassiskur. Fallegt mynstrað silki-efni og kjöllinn er stuttur, rétt fyrir ofan hné. Ekkert slör en blóma-krans á höfði.



Silki, blúndur, blóm og skraut. Það vantar ekkert upp á glæsileikann hjá D&G þegar þeir taka sig til.



Hér er greinilega horft til fortíðar en D&G vilja endurvekja kvenlegan og klassiskan stíl frá fimmta áratug síðustu aldar. Hér er gengið alla leið.



Skemmtilegt snið á þessum brúðarkjól D&G. Hann er elegant en samt svo einfaldur í allri sinni dýrð.



Glæsileg brúður klæðist íburðarmiklum kjól frá Dolce & Gabbana. NORDIC- PHOTOS/GETTY

Brúðarkjólar Dolce & Gabbana

Það var glæsileiki yfir brúðarkjólum sem D&G sýndu á tískuvikunni í Milanó. Þar var sýnd haust- og vetrarlína 2019-2020. Kjólarnir eru íburðarmiklir og í anda þessara ítölsku hönnuða.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Dolce & Gabbana hafa hannað brúðarkjóra frá árinu 1992 með hléum. Á sýningunni í Milanó var mikill elegans, eins og þeir sjálfir orðuðu

það. Þeir vilja stíga til baka í tískunni, endurvekja klassikina sem einkenndi gamla tíma og kvenleikann. Það verður varla sagt að brúðarkjólar þeirra D&G séu einfaldir að gerð og sniði. Mikið er í þá lagt og efnin falleg. Myndirnar sýna best glæsileikann í kjólunum.



Brúðurin er með fallegt, steinum skreytt háband og hálsfesti í stíl.



Brúðarvöndurinn er alveg hvítur með silkiborða. Ákaflega fallegur.



Brúðarglös

Made
by Me

www.madebyme.is



Íslensk handverk



Hringapúðar

Sokkabönd

Fallegir kjólar fyrir brúðkaupið Nýjar vörur vikulega!

Stærðir 14-28 eða 42-56

Vertu velkomin í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu
við Grensásveg eða skoðaðu úrvalið í
netverslun www.curvy.is



SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!



Kjól
8.990 kr
Stærðir 14-20



Kjól
11.990 kr
Stærðir 14-22



Kjól
6.990 kr
Stærðir 14-20



Kjól
7.990 kr
Stærðir 16-26



Kjól
8.990 kr
Stærðir 16-26



Kjól
13.990 kr
Stærðir 14-24

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Réttur frá kokki ársins 2019

Hér er gómsæt uppskrift að rétti sem gæti vakið lukku meðal brúðkaupsgesta frá kokki ársins 2019, Sigurjóni Braga Geirssyni. Þetta er ljúf-fengur og flottur kjúklingaréttur.

Sólrún Freyja
Sen

solrunfreyja@frettabladid.is



Ef þig vantar hugmynd að aðalrétti fyrir brúðkaup þá er hér gómsæt uppskrift að kjúklingalæri með jógurtsósu, linsubaunum, stökku grænkáli og gulrótum. Rétturinn er bæði einfaldur og hollur. Uppskriftnin er úr smíðju Sigurjóns Braga sem hlaut titilinn kokkur ársins í ár, verðlaun sem eru veitt faglærðum matreiðslumönnum og voru afhent í Hörpu 23. mars á þessu ári. Þar með fékk Sigurjón leyfi til að keppa fyrir hönd Íslands í keppninni Matreiðslumaður Norðurlanda árið 2020.

Kjúklingaréttur

1 kg kjúklingalæri
250 g tómátþúrra
50 g kimche
25 g olía

Blandið saman púrrunni, kimche og olíu. Hellið yfir kjúklinginn og blandið saman, látið liggja yfir nótt. Grillið á heitu grilli í um það bil 15 mínútur.



Frábær kjúklingaréttur frá Sigurjóni sem gæti hentað vel í brúðkaup.

Jógurtsósa

250 g jógúrt
12 g cumin, malað
25 g púðursykur
Börkur af 1 sítrónu
15 g kóriander

Öllu blandað saman. Smakkað til með sítrónusafa og salti.

Linsubaunir

100 g linsubaunir
200 g vatn
10 g kjúklingakraftur (má sleppa)
Salt
1 sítróna

Látið baunirnar liggja í vatni yfir nótt. Baunir settar í pott með vatni og kjúklingakrafti í hlutfallinu 2 af vatni á móti 1 af linsubaunum.

Sodið þar til baunirnar eru mjúkar undir tönn. Smakkaðar til með salti og sítrónusafa.

Stökkt grænkál

2 stilkar grænkál

Hitið ofnin í 160°C. Takið grænkálið af stilknum og setjið á ofnbakka. Dreifið olíu yfir, saltið og piprið. Bakið í 10 mínútur eða þar til stökkt.

Gulrætur

4 islenskar gulrætur

Gulrætur skrældar og soðnar í vatni í 2 mínútur. Kældar niður og skornar í 4 hluta. Steiktar á pönnu með smjöri, blóðbergi og hvítlauk. Bragðbætt með salti og pipar.



Sigurjón Bragi Geirsson, matreiðslumaður ársins.

Muna, panta hljóðkerfi fyrir brúðkaupið.



LUXOR TÆKJALEIGA

LUXOR

www.luxor.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki




Suzuki fjörgengis utanbörðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eignum til flestar stærðir á lager.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Óska eftir húsbílum, hjólhýsum og öllum tegundum ferðavagna á söluskrá og á staðinn.

Ferðavagnamarkaður Breiðhöfða í húsn. Bílalindar, Sími: 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum. www.ferdavagnamarkadur.is



2009 Honda CRV jepplingur. 3 eigendur frá upphafi. Góð þjónustusaga. Ný skoðaður 2020. Gott eintak. Venjulegt verð 1.590.000,- Tilboð: 1 milljón - en ekkert prútt!

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast


VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Fjór hjól



ZFORCE 1000
Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur, hátt og lágt drif m/ læsingu, traktosskráður.

Kr. 2.949.900,-
Nitró - Urðarharfi 4 - 557 4848 - nitro.is



Bátar



HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKAR TILBOÐ.
10 stk plötukrókar-10 stk sigurnaglar nr 5 tvö þór vettlingar 5580 kr Heimavík.is Heimavík s: 555-6090 eða 892-8655



Léttir Fyrirferðalítir Hljóðlátir
Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hó

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Hjólbarðar



TECHKING VINNUVÉLADEKK
Vorur að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvélaðekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Of. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á oksparaes@simnet.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Pípulagnir

PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör s/lf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

BÓKHALD.

Get tekið að mér bókhald og uppgjör fyrir smærri fyrirtæki, og einstaklinga. Upplýsingar í síma 899-2042

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

HÚSBÍLAR Á LÆKKUÐU VERÐI !

TILBOÐ

Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll
árg 2010 ekin 150 þ km 6 gíra á tvöföldu að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 3.990.000**
Tilboð 2.490.000

TILBOÐ

Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll
árg 2011 ekin 145 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 4.390.000**
Tilboð 2.990.000

Fiat Hobby húsbíll 2.3diesel árg 2017 ekin 68þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2
Verð 8.900.000.
Glæsilegur bíll sem þolir íslenskt veður.

TILBOÐ

Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll
árg 2015 ekin ca 120 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 5.990.000.**
Tilboð 4.490.000

TILBOÐ

Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll
árg 2015 ekin ca 147 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4 **Verð 6.990.000.**
Tilboð 5.490.000

TILBOÐ

Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll
árg 2011, ekin ca 146 þ km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**
Tilboð 3.490.000.

TILBOÐ

Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll
árg 2012, ekin ca 144 þ km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 5.590.000.-**
Tilboð 3.990.000.

TILBOÐ

Fiat Hobby Optima 65HFL
árg 2017 ekin um 70þ km 6 gíra beinskiptur glæsilegur bíll í alla staði. 4 manna. Gas, heitt og kalt vatn, öll þau þægindi sem hugsast getur. **Verð 11.990.000**
Tilboð 9.990.000

TILBOÐ

Fiat Carado A464 eða A461 árg 2016 ekin um 80þ km 6 gíra beinskiptur. 6 manna. Gas, heitt og kalt vatn, öll þau þægindi sem hugsast getur. **Verð 8.990.000**
Tilboð 7.990.000

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

Möguleiki á allt að 100% láni.

Vinsamlegast hringið í síma 7767600 til að bóka skoðun.



Húsviðhald

Húsmiður með mikla reynslu, getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s.787 7137

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt

STADGREIDUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!


www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Nudd



Human touch is the loving remedy for body & soul

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

ATVINNUHÚSNÆÐI

TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLURTILLEIGU.IS

SÍMI: 414-3000

Gerðu verðsamanburð!

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Tilkynningar

SKIPULAGSBREYTINGAR

Samkvæmt 2.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010, er auglýst til kynningar lýsing Aðalskipulagsbreytinga er nær til hluta Hjallabrautar og jaðar Víðistaðatúns.

Breytingartillagan felur í sér: Jaðar svæðis við Víðistaðatún sem fellur undir hverfisvernd Hvc1 og Hvc5 verði íbúðabyggð.

Jafnframt er auglýst til kynningar lýsing vegna þéttingarsvæða innan Hafnarfjarðar sem bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 7.2. 2019.

Hægt er að skoða lýsingarnar á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is frá 17.-31. maí 2019. Jafnframt verður haldinn kynningarfundur í Hafnarborg þann 23.maí nk. kl.17-19 þar sem farið verður yfir lýsingarnar. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Skipulagsfulltrúi.



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR
hagvangur.is

Skemmtanir

CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnáman

FÖSTUDAGUR

LIFANDI TÓNLIST

SMELLUR
Spilar fyrir dansi
FRÁ KL. 00.00 - 03.00

LAUGARDAGUR

MADONNA TRIBUTE SHOW & EUROVISION PARTY

HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19

HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21

SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS



Fréttablaðið fer með þig á Eurovision!



Gleðipinnarnir Benni og Ingó (Bingó!) færa landsmönnum fréttir og þræl skemmtilegar umfjallanir frá Eurovision í Tel Aviv í Fréttablaðinu, á frettabladid.is og á Instagram Fréttablaðsins.

Fylgstu með á Instagram

Þú getur fylgst með ferðalagi þeirra félaga á Instagram Fréttablaðsins en þar verður hægt að skyggnast á bak við tjöldin í Tel Aviv. Fylgdu okkur á Instagram og vertu með í fjörinu!

Auðtrúa aumingjar! Eurovision hlaðvarpið

Alvöru Eurovision hlaðvarp, beint frá Tel Aviv! Drengirnir fara yfir allt það helsta frá keppninni og fleira skemmtilegt. Splunku nýtt hlaðvarp daglega. Fylgstu með á frettabladid.is/hladvarp sem og á öllum helstu streymisveitum.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu
á Facebook og Instagram

FRÉTTABLAÐIÐ

Skuldirnar greiddar í tæka tíð

Þrjú félög fengu ekki atkvæðisrétt á ársþingi Körfuknattleikssambandsins í mars vegna vangoldinna gjalda til sambandsins. Greiði félögin ekki skuldir sínar fyrir 1. júní næstkomandi fá þau ekki þátttökurétt á mótum á vegum KKÍ á næsta keppnistímabili.

KÖRFUBOLTI Körfuknattleikssamband Íslands, KKÍ, ákvað að beita þrjú félög þeim agaviðurlögum á síðasta ársþingi sambandsins að félögin fengu ekki atkvæðisrétt á ársþingi sambandsins sem haldið var í mars síðastliðnum. Eftir það spruttu upp umræður um fjárhagsstöðu körfuboltadeilda í landinu og það hvort rekstur deildanna væri öfugu megin við núllið.

Þá hafa stuðningsmenn félaga lifað í ótta um það að félög muni ekki getað teft fram liðum í meistaraflokki eða yngri flokkum næsta vetur. KKÍ er heimilt að beita félög þeim viðurlögum að neita þeim um keppnisleyfi standi þau ekki skil á greiðslum til sambandsins.



Hannes segir KKÍ í góðu samstarfi við skuldunauta sína. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það er ekkert nýtt í sögunni að félög skuldi viðlíka upphæðir og eru útistandandi hjá félögum þessa stundina.

Hannes S. Jónsson

Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, segir að þessi staða sé ekki ný af nálinni, skuldastaða félaganna sé ekki verri en áður og sambandið hafi áður þurft að beita félög sams konar viðurlögum og gert var í mars. Hann hefur þó engar áhyggjur af því að þau félög sem voru beitt þessum agaviðurlögum muni ekki geta greitt skuld sína í tæka tíð.

„Það er ekkert nýtt í sögu sambandsins að félög skuldi viðlíka upphæðir og eru útistandandi þessa stundina. Þau þrjú félög sem fengu ekki atkvæðisrétt á ársþinginu í mars eru ekki þau einu sem skulda sambandinu. Við höfum verið í góðu sambandi við þau félög sem skulda okkur og ég hef engar áhyggjur af því að nokkurt félag verði útilokað frá keppni á næsta keppnistímabili vegna skulda sinna,“ segir formaðurinn.

„Þessar skuldir eru til komnar vegna dómarakostnaðar og félagskiptagjalda. Sambandið er ekki í

þeirri stöðu að geta lækkað þessi gjöld miðað við fjárhagsstöðuna eins og hún er í dag en vonandi breytist það í framtíðinni. Við höfum hins vegar komið til móts við félögin með því að fjölga gjaldögum og nú er til að mynda heimilt að skipta greiðslum vegna félagskiptagjalds erlendra leikmanna, sem er 150.000 krónur, í þrennt,“ segir Hannes enn fremur.

„Það kostar félag 250.000 krónur að senda lið til leiks í meistaraflokki og mér finnst það ekki ósanngjörn upphæð og það stendur ekki til að lækka hana. KKÍ þarf að standa straum af ýmsum kostnaði við mótahald og rekstur sambandsins er ekki svo burðugur að mögulegt sé að lækka það gjald,“ segir formaðurinn um rekstrarstöðu sambandsins.

„Ég hef meiri áhyggjur af rekstrarstöðu körfuboltadeilda almennt en þeim skuldum sem eru útistandandi núna. Það er mikil krafa hjá félögum að lið nái árangri og það kostar sitt að vera með lið í meistaraflokki sem er samkeppnishæft. Á sama tíma verður erfiðara og erfiðara að ná í samstarfsaðila til þess að styrkja starfið, ég hef fundið það sjálfur á eigin skinni sem formaður sambandsins,“ segir hann um fjárhagsstöðu félaganna.

hjorvaro@frettabladid.is

Nýjast

Pepsi-deild karla



Grindavík - KR 2-1

1-0 Alexander Veigar Þórarinnsson (24.), 2-0 Aron Jóhannsson (vítaspyrna) (30.), 2-1 Björgvin Stefánsson (60.).

Fylkir - Valur 0-1

0-1 Orri Sigurður Ómarsson (5.).

HK - ÍBV 2-0

1-0 Birkir Valur Jónsson (14.), 2-0 Ásgeir Marteinnsson (45.). Rautt spjald: Guðmundur Magnússon (ÍBV) (28.).

Efri	Neðri		
ÍA	10	Grindavík	5
Breiðablik	10	Valur	4
Stjarnan	8	HK	4
FH	7	KA	3
Fylkir	5	Víkingur	2
KR	5	ÍBV	1

Inkasso-deild karla

Fram - Haukar 1-1

1-0 Frederico Bello Saraiva (5.), 1-1 Ísak Jónsson (38.).

Þórdís Hrönn leikur með Þór/KA á næstunni

FÓTBOLTI Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir sem er á mála hjá sænska liðinu Kristianstad hefur verið lánuð til Þórs/KA og mun hún leika með liðinu í Pepsi-Max-deild kvenna í knattspyrnu næstu tvo mánuðina.

Þetta kom fram í tilkynningu sem Þór/KA sendi fjölmiðlum í gær.

Þórdís Hrönn lék með Stjórnunni á síðasta keppnistímabili og gerði svo samning við Kristianstad í Svíþjóð eftir að leiktiðinni lauk síðasta haust. Hún hefur einnig leikið með Breiðabliki á ferli sínum. Þórdís hefur verið í leikmannahópi íslenska landsliðsins í síðustu verkefnum liðsins og hún lék sinn fyrsta A-landsleik fyrir á þessu ári.

Þór/KA hefur sex stig eftir fyrstu þrjá leiki sína í deildinni í sumar og situr í þriðja sæti deildarinnar. Þórdís Hrönn verður lögleg þegar liðið leikur við Breiðablik í stórleik næstu umferðar í deildinni. – hó

Selfoss getur komist í lykilstöðu

HANDBOLTI Selfoss og Haukar mætast í öðrum leik sínum í úrslitarimmi Olís-deildar karla í handbolta í Hleðsluhöllinni í kvöld. Selfoss hafði betur, 27-22, í fyrsta leiknum að Ásvöllum og getur með sigri í þessum leik komist í býsna góða stöðu í leit sinni að fyrsta Íslandsmeistaratitlinum í sögu félagsins.

Sölvi Ólafsson sem hefur fengið þó nokkra gagnrýni fyrir frammi-stöðu sína í vetur hrökk heldur betur í gang í fyrsta leiknum og varði um það bil 25 skot og þar af fjögur vítaskot í fyrsta leiknum. Þá tókst Selfyssingum að halda öflugum seinni bylgju hraðaupp-hlaupum Hauka í skefjum með vel hreyfanlegri 3-3 vörn sinni sem síðar varð að þétttri 6-0 þegar Haukar voru í uppstilltum sóknarleik.

Það er spurning hvort Gunnar Magnússon og Aron Kristjánsson láti krók koma á móti þessu bragði Patreks Jóhannessonar í leiknum á Selfossi í kvöld. Elvar Örn Jónsson skarði fram úr í annars jöfnu Selfossliði sem fékk eitthvert framlag úr flestum stöðum liðsins, en Atli Ævar Ingólfsson skarði til að mynda fimm mörk af línunni og



Daniel Þór skoraði mest fyrir Hauka í fyrsta leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hornamaðurinn Hergeir Grimsson gerði slíkt hið sama.

Haukar sem urðu deildarmeistarar hafa ekki riðið feittum hesti frá leikjum sínum á útivelli í úrslitakeppninni og hefur beðið lægri hlut í öllum þremur útleikjum sínum til þessa. Ljóst er að Haukar þurfa að breyta þessu mynstri til þess að verða Íslandsmeistarar í 12. skipti í sögu félagsins.

Selfyssingar fengu síðast heima-leik í úrslitaviðureign Íslands-mótsins árið 1992 og nánast víst að stuðningsmenn Selfoss munu fjölmenna og þeir ásamt Haukamönnum troðfylla Hleðsluhöllina. Fyrsti leikurinn var afar vel spilaður þar sem hart var tekið á án þess að dómamar leiksins þyrftu að taka á honum stóra sínum. Vonandi verður áframhald að þessu sinni. – hó

EVERY ACTION HAS CONSEQUENCES.

KEANU REEVES
CHAPTER
JOHN 3 WICK
PARABELLUM

GINGER
BE GOOD TO YOURSELF

KOMIN Í BIÓ

LAUGARÁS **BIÓ** HÁSHÓLA **BIÓ** BORGAR **BIÓ**

ht.is

UPPLIFÐU EUROVISION Í MÖGNUM HLJÓÐGÆÐUM

SKARPARI SÖNGUR OG DÝPRI BASSI



550W
MAGNARI
RMS



LG-SK10Y

Kraftmikill og þéttur hljómur með MERIDIAN hljóðtækni, Dolby Atmos 5.1.2 og Adaptive Sound Control. Hefur alla helstu þráðlausu tengimöguleika.

TILBOÐ

79.995,-

Fullt verð 99.995,-

LG Soundbar á frábæru Eurovision tilboði!



160W
MAGNARI

TILBOÐ

17.995,-

Fullt verð 23.995,-

LG-SJ2

Einfaldur og nettur með þráðlausum bassahátalara og Bluetooth.



300W
MAGNARI

TILBOÐ

24.995,-

Fullt verð 29.995,-

LG-SJ4

Þrusugóður og fyrirferðarlítill með þráðlausum bassahátalara og Bluetooth.



360W
MAGNARI

TILBOÐ

54.995,-

Fullt verð 61.995,-

LG-SKG

Öflugur með HighRes hljóði, þráðlausum bassahátalara og helstu tengimöguleikum.



Heimplistæki er stoltur styrktaraðili Söngvakeppninnar!

 **Heimplistæki**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1724 Mývatnseldar hefjast með mikilli sprengingu og verður þá til gígurinn Víti í Kröflu.

1814 Stjórnarskrá Noregs er undirrituð.



1864 Þjóðsöngur Noregs, „Ja, vi elsker dette landet“, er fyrst sunginn á Eiðsvelli.

1904 Guðmundur Björnsson læknir ræðir um nauðsyn þess að leiða vatn til Reykjavíkur.

1914 Hátið er haldin í Reykjavík til að minnast eitt hundrað ára sjálfstæðis Noregs.

1939 Stangveiðifélag Reykjavíkur er stofnað.

1940 Breskir hermenn koma með varðskipinu Ægi til Akureyrar, viku eftir að Ísland er hernumið.

1970 Thor Heyerdahl siglir af stað á papýrusbátinum Ra II frá Marokkó yfir Atlantshafið.

1973 Íþróttafélagið Leiknir er stofnað í Efra-Breiðholti í Reykjavík.

1978 Likkista Charlie Chaplin finnst við Genfarvatn.

1989 Alþingi samþykkir lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem meðal annars fela í sér flutning á rekstri grunnskóla til þeirra síðarnefndu.

1990 Katarinukirkja í Stokkhólmi brennur.

1995 Jacques Chirac tekur við sem forseti Frakklands.

2005 Konur endurheimta kosningarétt í Kúveit.



„Ég reyni að vera í nánu sambandi við okkar kúnna og viðskiptavinum þeirra,“ segir Gunnar framkvæmdastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Líflegt og síbreytilegt

Kolaportið, markaðurinn góðkunnur í miðbæ Reykjavíkur, var stofnað 1989 og á því 30 ára sögu að baki. Gunnar Hákonarson framkvæmdastjóri byrjaði þar á kústinum.

Hér byrjaði ég að vinna þegar Kolaportið flutti starfsemi sína úr bílageymslunni undir Arnarhóli hingað í Tryggvagötuna í júní 1994,“ segir Gunnar Hákonarson, framkvæmdastjóri Kolaportsins. „Byrjaði bara á kústinum, að sópa og henda rusli. Á morgnana hjálpaði ég fólki að koma vörum að básunum sínum, redda borðum og fataslám og öllu sem tilheyrði. Þetta eru störf sem þarf að sinna enn í dag. Svo tók ég við rekstrinum 2003.“

Ég er í heimsókn í Kolaportinu í til efni þritugsafmælis þess á árinu, en er á virkum degi og þá er þar engin sölu- starfsemi. En þegar helgin brestur á færirst fjör yfir staðinn, eftir því sem Gunnar lýsir. „Þetta er líflegur markaður og síbreytilegur. Hann tekur breytingum eftir samfélaginu. Með fjölgun ferðamanna hefur þeim aðilum fjölgað sem selja vörur til ferðamanna. Svona markaðir eru vinsælir alls staðar í heiminum, oft byrja ferðamenn á að heimsækja þá þegar þeir koma til nýrra staða. Þar fá þeir mann- lífið beint í æð. Þannig er það hér.“

En eru Íslendingar jafn tryggir viðskiptavinir og þeir voru?
„Já, hingað kemur margt fjölskyldu- fólk sem sækir í miðbæinn um helgar, gefur öndunum, fer á kaffihús, kikir í búdir og kemur við í Kolaportinu. Hingað kemur fólk líka til að hitta annað fólk, þetta er eins og félagsmið- stöð. Annaðhvort hittist það í kaffi- portinu hér eða á röltinu milli bása.“

Kaffihornið hefur færst út að glugg- anum sem snýr að Hörpunni. Þar sem það var áður er bás með vörum frá Asíu og Afríku. Gunnar segir markaðinn með íslensku matvælin vera þar sem hann hefur alltaf verið, með harðfisk í úrvali, rúgbrauð, flatkókur, kleinur og fleira þjóðlegt. Íslenska sælgætið á líka enn sinn sess í portinu. „Sælgætið er vinsælt, ekki bara meðal Íslendinga heldur eru ferðamenn voða hrifnir af því,“ upplýsir Gunnar.

Eins og áður segir Gunnar fólk koma með varning í Kolaportið eftir tiltekt í



Íslenska lopapeysan á sína aðdáendur í Kolaportinu vísa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

bilskúrum og fataskápum og það gæði staðinn lífi. „Það skapast oft mikil stemning kringum það fólk sem er hér bara einn dag eða eina helgi. Kúnnarnir eru spennir að sjá hvað það er að taka upp hverju sinni og oft fjör í kringum það.“

Talsvert af fatnaði hangir uppi og ég spyr Gunnar hvort hann sé í eigu Kola- portsins.

„Nei, Kolaportið rekur enga sölu- bása. Við erum bara að leigja. Ef við værum sjálf í slíkum rekstri værum við komin í samkeppni við okkar viðskiptavinum. Það gengur ekki. Einstaklingar eiga þetta og fá að geyma það. Fyrst þurftu allir að taka allt saman á sunnudögum því þá var verið að reyna að hafa aðra starfsemi í húsinu á virkum dögum. Það var gríðarleg vinna og við hættum því. Þá er hægt að hafa meiri og betri innréttingar.“

Nú hefur bílastæðunum fækkað í kringum Kolaportið, er það ekki bagalegt?

„Bílastæðin hafa breyst, þau eru ekki sýnileg ofan jarðar eins og þau voru en það er nóg af stæðum í bílastæða-

húsum hér í kring, undir Arnarhól- num, þar sem Kolaportið hóf starfsemi sína, í Ráðhúsinu og á Vesturgötunni. Svo er nýbúið að opna bílastæði undir Hafnartorgi og þeim á eftir að fjölga.“

Spurður hvort grundvöllur sé fyrir að hafa Kolaportið opið á virkum dögum líka þar sem straumur ferðamanna er sist minni þá en um helgar svarar Gunnar: „Það er eitthvað sem væri hægt að skoða þegar uppbygg- ingin hér í kring verður komin lengra en hún er. En flest það fólk sem er með sölubása í dag er bara í vinnu virka daga. Það þyrfti þá að kaupa sér vinnu- afl.“

Gunnar segir framkvæmdirnar í miðbænum hafa haft slæm áhrif á Kolaportið. „Það er búið að vera grind- verk í kringum húsið í þrjú ár og auð- vitað hefur það sitt að segja og líka færri sýnileg bílastæði. Svo þetta rask sem fylgir þeim, það er stöðugt að fjúka rusl til okkar, ryk og sandur en við teljum að miðbærinn verði betri eftir fram- kvæmdirnar en fyrir og nú sér fyrir endann á þeim.“

gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Pálína Esther Guðjónsdóttir

andaðist á Droplaugarstöðum þann 16. febrúar síðastliðinn í návist sinna nánustu. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd aðstandenda,
Esther Ósk



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Oddný S. Óskarsdóttir

Lyngholti 9, Akureyri,

lést á öldrunarheimilinu Hlíð 15. maí. Útförin fer fram í kyrrþey að hennar ósk. Innilegar þakkir til starfsfólks Reynihlíðar fyrir ástúðlega og hlýja umönnun.

Porkell Björnsson
Sigrún Ósk Björnsdóttir
Björn Óskar Björnsson
Ingvi Þór Björnsson
Eidís Anna Björnsdóttir
ömmu- og langömmubörn.

Elisabet Sveinsdóttir
Pétur Ægir Hreiðarsson
Ásta Einarsdóttir
Jónína Freydis Jóhannesdóttir
Jóhann Elvar Tryggvason
ömmu- og langömmubörn.



Okkar ástkæri

Stefán Friðbjarnarson

fyrirum bæjarstjóri og blaðamaður, Gullsmára 11, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 2. maí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 20. maí klukkan 13.00.


Sigmundur Stefánsson
Kjartan Stefánsson
Sigríður Stefánsdóttir

Elisabet Kristinsdóttir
Guðrún Sigurðardóttir

Gunnar Svavarsson
barnabörn og langafabörn.

Ellen Árnadóttir
Lára Sveinsdóttir

SÚKKULAÐI HEFUR ALDREI
BRAGÐAST BETUR



GODIVA®
Belgium 1926

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík

 10°C | 3°C
 ←

Ísafjörður

 5°C | 2°C
 ↓

Akureyri

 14°C | 2°C
 ↓

Suðaustan 3-8 m/s.
 Skúrir sunnan- og vestanlands, hiti 8 til 14 stig. Þurr og bjart um landið norðaustanvert með hita að 18 stigum yfir daginn.

Egilsstaðir

 13°C | 6°C
 ↑

Kirkjubæjarkl

 9°C | 6°C
 ↖

Hveravellir

 8°C | 4°C
 ↗

Laugardagur

Reykjavík

 10°C | 6°C
 ↑

Ísafjörður

 9°C | 4°C
 ←

Akureyri

 16°C | 2°C
 ↖

Egilsstaðir

 17°C | 5°C
 ↑

Kirkjubæjarkl

 8°C | 7°C
 ↖

Hveravellir

 8°C | 6°C
 ↑

Sunnudagur

Reykjavík

 10°C | 2°C
 ↑

Ísafjörður

 9°C | 2°C
 ↖

Akureyri

 11°C | 3°C
 ←

Egilsstaðir

 5°C | 3°C
 ↖

Kirkjubæjarkl

 6°C | 3°C
 ↖

Hveravellir

 10°C | 2°C
 ←

LÉTT

2			6	1	5		
		1		2	4		3
	6						8
		6	4				
4	7	2			5		9
	8		9	1		6	4
		9			7		
8	3		7				
	4			3	8		

MIDLUNGS

3	4	9		7		6		
				6			3	1
		6				7		8
			3		9			7
	5				7	1		9
				5	8			4
		2				8		
8			5	2				
9	1			3				

PUNG

4		5			9		7	
		8	3			4		5
						8	2	
				2	4			
1							5	9
	4	7					8	
			3			7	2	
					1	3		
			8					9

Krossgáta

LÁRÉTT

- flugfar
- móðurlíf
- í röð
- einræða
- spríkl
- samtals
- fiskur
- ársverk
- skálma

LÓDRÉTT

- mörgum
- vegur
- tál
- sindur
- óvandlega
- vélun
- hófdýr
- spor
- spil

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. flaug, 5. lég, 6. jk, 8. einræl, 10. íd, 11. æla, 12. alls, 13. útsí, 15. manna, 17. rígsa.
 LÓDRÉTT: 1. flaug, 2. leið, 3. agn, 4. gjall, 7. klastra, 9. tæling, 12. asni, 14. far, 16. ás.

Skák Gunnar Björnsson

Todorovic átti leik gegn Averbach á Mallorca árið 1989.

- Dxg6+!! Kxg6 2. Bh5+ Kh7
- Bf7+ Bh6 4. Hxh6# 1-0.

Tvö unglíngamót fara fram um helgina. Annars vegar Meistararamót Skákskóla Íslands og hins vegar fimmta mótið í mótaroð Laufásborgar.

www.skak.is: Grand Prix-mót í Moskvu.




Hvítur á leik

8	5	3	1	9	6	2	4	7
6	1	7	2	4	3	5	8	9
9	2	4	5	7	8	3	1	6
5	3	8	6	1	9	7	2	4
4	6	1	7	2	5	8	9	3
7	9	2	8	3	4	1	6	5
1	7	6	9	5	2	4	3	8
2	4	9	3	8	7	6	5	1
3	8	5	4	6	1	9	7	2
9	8	5	1	2	3	6	7	4
1	2	7	4	6	9	5	8	3
3	4	6	5	7	8	9	2	1
5	9	3	7	1	4	8	6	2
2	6	8	3	9	5	4	1	7
7	1	4	2	8	6	3	9	5
8	3	1	6	4	2	7	5	9
4	7	9	8	5	1	2	3	6
6	5	2	9	3	7	1	4	8
9	6	5	8	2	7	4	1	3
8	1	3	5	9	4	6	7	2
2	7	4	1	6	3	5	8	9
7	2	6	4	1	9	8	3	5
1	3	8	6	5	2	7	9	4
4	5	9	3	7	8	1	2	6
6	9	1	7	3	5	2	4	8
3	8	7	2	4	6	9	5	1
5	4	2	9	8	1	3	6	7


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Verðlækkun!

Öll rúnstycki á 99 kr.

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
 laugardaga 8.00 - 16.00
 sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
 Fálkagata 18

www.bjornsbakari.is

Nú er veisla!

Sláðu í gegn með pizzaveislu á frábæru verði.
Tilboðið inniheldur tvö pizzadeig, pizzasósu,
ost, pepperoni, skinku og grænmetisbakka.
Gildir út sunnudaginn 19. maí.



Pizzatilboð

1.495,-

© Inter IKEA Systems B.V. 2019



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - IKEA.is



Finnst ég vera á mjög góðum stað

Þóra Einarsdóttir söngkona er gestur Gunnars Guðbjörnssonar í Salnum. Fer yfir ferilinn og syngur. Fjöldi verkefna fram undan.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Þóra Einarsdóttir er gestur Gunnars Guðbjörnssonar í Salnum í Kópavogi laugardaginn 18. maí klukkan 14. Þetta eru síðustu tónleikarnir í viðtölnleikaröðinni Da Capo. Gunnar ræðir þar við Þóru um feril hennar og hún syngur nokkur lög. „Þetta verða lög sem mér þykja falleg og skemmtileg,“ segir hún.

Þóra byrjaði ung að syngja og hefur átt langan og farsælan söngferil sem er alls ekki að ljúka. „Það er mjög skrítið að líta til baka því

ég er yfirleitt meira fyrir að vera í núinu og sömuleiðis með hugann við framtíðina,“ segir Þóra. „Ég byrjaði að syngja og vinna fyrir mér 23 ára gömul og var lengst af erlendis. Þetta hefur verið ótrúlega langur tími en samt er ég enn að og á, held ég, heilmikið inni.“

Í takt við tímann

Þóra var í sjö ár fastráðin við óperuhúsið í Wiesbaden í Þýskalandi og hefur sungið óperuhlutverk víða í Evrópu. Spurð hvað standi upp úr á ferlinum segist hún ekki geta svarað því: „Fyrstu árin var ég freelance söngkona, búsett í Bretlandi, og var að vinna með helstu óperufyrirtækjunum þar. Svo fór ég yfir á meginlandið og



„Það er mjög skrítið að líta til baka því ég er yfirleitt meira fyrir að vera í núinu,“ segir Þóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Aðalfundur Haga hf. 7. júní 2019

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn föstudaginn 7. júní 2019 og hefst hann kl. 09:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2018/19.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
6. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar.
7. Kosning tilnefningarnefndar.
8. Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.
9. Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.
10. Tillaga um samkeppnisstefnu Haga hf.
11. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ítarlegri upplýsingar um tillögur stjórnar, ársreikning og önnur gögn, ásamt upplýsingum um póstatkvæðagreiðslu, rétt hluthafa til að bera fram tillögur og framboð til stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins,

<http://www.hagar.is/fjarfestaupplýsingar/adalfundur/>

Stjórn félagsins vill einnig áreita að forsvarsmenn hluthafa sem sækja fundinn, þ.e. forsvarsmenn fyrirtækja, lífeyrissjóða, fjárfestingasjóða, einstaklinga og annarra hluthafa, ber að skila umboði við skráningu inn á fundinn. Einnig verða einstaklingar beðnir um að framvísa persónuskilríkjum.

Stjórn Haga hf.

ÉG ER AÐ FÁ KREFFJ-ANDI TÆKIFÆRI Í SÖNGNUM OG ER AÐ KENNA OG MIÐLA OG BYGGJA UPP OG NJÓTA LÍFSINS Í LEIÐINI.

fékk fastráðningu og prófaði allt öðruvísi hluti og síðan lá leiðin aftur í freelance vinnu eftir langan tíma sem fastráðinn söngvari. Ég hef verið afar lánsöm því ég hef fengið ótrúlega mörg skemmtileg verkefni.

Nýlega fór ég að hugsa um það hvað væri átt við þegar talað væri um farsælan feril. Við eigum marga frábæra söngvara sem hafa kosið að búa á Íslandi og þeirra ferill er annars konar en þeirra söngvara sem fara utan og eru þar á samningi við óperuhús. Það er ekki mælikvarði á hversu farsælir eða góðir söngvarar eru hvort þeir vinna heima eða erlendis. Þetta snýst meira um það hvernig hver og einn skilgreinir árangur og hvað fólk vill fá út úr lífinu.

Þóra gegnir stöðu prófessors í Listaháskólanum og er fagstjóri söngs. „Það er fullkomin viðbót við eigin söngferil að miðla til ungu kynslóðarinnar, deila reynslu minni og kynnst áherslum hennar. Þannig er ég endalaust að læra af þeim. Tímarnir breytast og það er afskaplega gefandi að vera í

háskólaumhverfi þar sem maður kemst í takt við tímann. Ég er mjög ánægð með þetta fyrirkomulag sem er hjá mér núna. Ég er að fá kreffjandi tækifæri í söngnum og er að kenna og miðla og byggja upp og njóta lífsins í leiðinni. Ég á yndislega fjölskyldu og nýt þess að búa á Íslandi. Mér finnst ég vera á mjög góðum stað.“

Hlutverk í Brúðkaupi Figarós

Það er nóg fram undan hjá Þóru. Hún fer með hlutverk Súsönnu í óperunni Brúðkaupi Figarós eftir Mozart sem Þjóðleikhúsið frum-sýnir í september. „Ég er mjög spennit og veit að þetta verður frábær sýning,“ segir hún. „Ég fer með Íslensku óperunni sem flytur Brothers eftir Daniel Bjarnason á listahátíð í Búdapest um mánaðamótin júní-júlí. Í sumar verð ég svo með ljóðatónleika í Hörpu ásamt Nínu Margréti Grímsdóttur þar sem verða flutt verk eftir Fanny Hensel Mendelssohn og Clóru Schumann. Ég mun líka syngja með pólsk/baltnesku Fílharmoníunni verk eftir Richard Strauss og Schubert. Ég er svo að vinna upptöku með sænskum tónlistarmönnum, sem ég hef unnið með undanfarin ár. Við verðum með tónleika í Stokkhólmi í sumar og erum að fara að taka upp verk eftir sænska tónskáldið Katarínu Leyman sem verður á safndiski með verkum hennar.“

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Ábendingahnaðinn má finna á www.barnaheill.is





Innganga, verk eftir Sindra Leifsson á sýningunni Úthverfi í Breiðholti. Titillinn vísar í staðsetningu hennar í Breiðholti, fjölmennasta úthverfi borgarinnar. Það er úr furu, lerki af Hólmsheiði, birki úr Elliðaárdal, stáli og kartöflum.

**Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Föstudagur**

hvar@frettabladid.is

17. MAÍ 2019

Hvað? Tæknidagurinn í HR
Hvenær? 13.30
Hvar? Háskólinn í Reykjavík
Róbótar sem hlýða skipunum á íslensku, nýr Formula Student kappakstursbill og vindmylla úr tómunum oliutunnum eru þrjú af þeim verkefnum sem nemendur HR sýna á Tæknidegi iðn- og tæknifræðideildar í dag. Gestum og gangandi er boðið að koma.

Orðsins list

Hvað? Málstofa
Hvenær? 16.00-17.30
Hvar? Oddi, Háskóla Íslands, stofa 101
Prófessorarnir Stefán Snævarr og Hannes Hólmsteinn Gissurarson takast á í orði um alrædishugtakið. Að lokinni framsögu Stefáns og svari Hannesar verða frjálstar umræður. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Myndlist

Hvað? Opnar vinnustofur
Hvenær? 14.00-19.00
Hvar? Listaháskóli Íslands, Laugarnesvegi 91
Föstudaginn 17. maí bjóða nemendur í BA- og MA-námi við myndlistardeild LHÍ gestum og gangandi í heimsókn á vinnustofur sínar á Laugarnesvegi 91 í fyrsta sinn. Ýmsar upptökur, gjörningar verða framdir milli kl. 15 og 19.

Hvað? Úthverfi/Suburb
Hvenær? 17.00
Hvar? Gerðuberg, Breiðholti
Útisýning Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík. Titillinn vísar í staðsetningu hennar í Breiðholti, fjölmennasta úthverfi borgarinnar sem listaverkin dreifast um. Þau eru eftir myndlistarmennina Anssi Pulkkinen, Arnar Ásgeirsson, Baldur Geir Bragason,



Argentiskur tangó verður dansaður í Kramhúsinu í kvöld klukkan 21.00.

Halldór Ásgeirsson, Hallstein Sigurðsson, Kathy June Clark, Katrín Ingu Jónsdóttur Hjördisardóttur, Ósk Vilhjálmisdóttur og Sindra Leifsson.

Aðgangseyrir er 1.000 en frítt fyrir 30 ára og yngri.

Leiklist

Hvað? Iður – nýtt tónleikhúsverk
Hvenær? 20.00
Hvar? Tjarnarbió
Sviðslistahópurinn Óþekkt frumflytur nýtt íslenskt tónleikhúsverk. Velt er upp spurningum um raunveruleikann, sjálfsmyndina og stað okkar í tilverunni, í bland við aríur og kórlög við texta endurreisnarskáldsins Johns Donne.

Dans

Hvað? Tango praktika og milonga
Hvenær? 21.00-24.00
Hvar? Kramhúsið, Skólavörðustíg 12, Bergstaðastrætismegin
Argentínskur tangó dunar, praktika milli 21 og 22 og í kjölfarið milongan. Gestgjafar eru Kristín og Helgi sem jafnframt er dj og heldur uppi stuði með gullaldartangótónlist. Allir velkomnir. Ekki þarf að mæta með dansfélag.

Tónlist

Hvað? Tónleikar Kalla Olgeirs
Hvenær? 21.00
Hvar? Þjóðleikhúskjallarinn, Hverfisgötu 19
Karl Olgeirsson og Sigríður Thorlacius syngja lögina á plötunni hans, Mitt bláa hjarta. Jól Páls og Toggi Jóns mynda trió með honum.

Hvað? Aristókrasía
Hvenær? 21.00
Hvar? Mengi, Óðinsgötu 2
Úlfur Eldjárn flytur nýja raftónlist og verk í vinnslu.



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADÍS

The Wild Pear Tree (ENG SUB) 17:30
Yuli-Carlos Acosta Story (ICE SUB) 17:45
Að sjá hið ósýnilega (ICELANDIC) 18:00
SINGALONG - FÖSTUDAGSPARTÍSÝNING
The Rocky Horror Picture Show kl.20:00
Lords of Chaos (ICE SUB) 20:00
The House That Jack Built (ICE SUB) 21:00
Lords of Chaos (ICE SUB) 22:15
BlacKkKlansman (ENGLISH NO SUB) 22:20



Borgarleikhúsið 568 8000 • borgarleikhus.is

Matthildur Stóra sviðið
Mið 22.05 Kl. 19:00 U Mið 29.05 Kl. 19:00 Ö Fim 06.06 Kl. 19:00 Ö Fös 14.06 Kl. 19:00 Ö
Fim 23.05 Kl. 19:00 Ö Fim 30.05 Kl. 19:00 Ö Fös 07.06 Kl. 19:00 U Sun 16.06 Kl. 19:00 Ö
Lau 25.05 Kl. 13:00 U Sun 02.06 Kl. 19:00 Ö Mán 10.06 Kl. 19:00 Ö
Sun 26.05 Kl. 19:00 U Mið 05.06 Kl. 19:00 U Fim 13.06 Kl. 19:00 Ö

Elly Stóra sviðið
Fös 17.05 Kl. 20:00 U Fös 31.05 Kl. 20:00 U Lau 15.06 Kl. 20:00 U
Fös 24.05 Kl. 20:00 U Lau 08.06 Kl. 20:00 Ö

Kæra Jelena Litla sviðið
Fös 17.05 Kl. 20:00 U Fös 24.05 Kl. 20:00 Ö Fim 06.07 Kl. 20:00 Ö
Fim 23.05 Kl. 20:00 U Fim 30.05 Kl. 20:00 Ö Fös 07.07 Kl. 20:00 Ö

Bæng! Nýja sviðið
Fim 23.05 Kl. 20:00 U Fim 30.05 Kl. 20:00 Ö Fös 14.06 Kl. 20:00 Ö
Sun 26.05 Kl. 20:00 U Fim 06.06 Kl. 20:00 Ö

Sýningin sem klikkar Stóra sviðið
Sun 19.05 Kl. 20:00 U Lau 25.05 Kl. 20:00 U Lau 01.06 Kl. 20:00 Ö

Þjóðleikhúsið 551 1200 • leikhusid.is

Ronja Ræningjadóttir Stóra sviðið
Lau 18.05 kl. 13:00 AU Sun 19.05 kl. 16:00 Ö Sun 2.6 kl. 13:00 AU Lau 8.6 kl. 16:00 AU
Lau 18.05 kl. 16:00 AU Sun 26.05 kl. 13:00 Ö Sun 2.6 kl. 16:00 AU
Sun 19.05 kl. 13:00 U Sun 26.05 kl. 16:00 Ö Lau 8.6 kl. 13:00 AU

Einræðisherrann Stóra sviðið
Fös 31.05 kl. 19:30 Ö

Loddarinn Stóra sviðið
Fös 17.05 kl. 19:30 U Fim 23.05 kl. 19:30 Ö Fös 24.05 kl. 19:30 Ö Mið 29.05 kl. 19:30 Ö

Jónsmessunæturdraumur Stóra sviðið
Mið 22.05 kl. 19:30 Ö

Súper Kassinn
Fim 23.05 kl. 19:30 Fös 24.05 kl. 19:30 Ö

Þitt eigið leikrit Kúlan
Lau 18.05 Kl.15.00 Ö

BRÚÐKAUP FIGARÓS MOZART Stóra sviðið
Lau 07.09 kl. 19:30 Ö Fös 20.09 kl. 19:30 Lau 28.09 kl. 19:30
Sun 15.09 kl. 19:30 Lau 21.09 kl. 19:30 Lau 05.10 kl. 19:30

HÁRID Stóra sviðið
Fös 14/6 kl. 19:30 U Lau 15/6 19:30

Dansandi ljóð
Sun 19.05 kl. 20:00 AU



Í LJÓSI SÖGUNNAR



Föstudaga kl. 9.05


Vera Illugadóttir fer með þig í ferðalag í tíma og rúmi í þessum vinsæla útvarpsþætti þar sem málefni líðandi stundar eru skoðuð í sögulegu ljósi.

RÁS 1

fyrir forvitna



Google Play App Store



Ertu með KrakkaRÚV-appið?

Nú geturðu horft á vandað efni á íslensku í glænýju KrakkaRÚV-appi!

KRAKKARÚV

DAGSKRÁ

Föstudagur

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Eurovision 2019 Seinni undankeppni
- 15.20 92 á stöðinni
- 15.45 Timamótauppgötv-anir - Meira en mennsk Heimildarmyndaflokkur sem fjallar um helstu framfarir og nýjungar í heimi vísindanna og skoðar hvaða áhrif þær munu hafa á líf okkar allra. Í þáttunum er lögð sérstök áhersla á fólkið og tæknina að baki stærstu timamótauppgötv-unum okkar tíma. e.
- 16.30 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps Þættir frá 2016 þar sem lítið er um öxl yfir 50 ára sögu sjónvarps og fróðleg og skemmtileg augnablik rifjuð upp með myndefni úr Gullkistunni. Kynnir er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson. e.
- 16.45 Fjórskyldan
- 17.25 Landinn 12. maí 2019 Landinn hittir Arnar Helga Lárusson sem varð afreksmaður í íþróttum eftir að hafa lamast í alvarlegu slysi. Við setjum upp myndlistarsýningar í Úthverfu á Ísafirði, kynnum okkur lúxusferðamennsku í Fljótunum, förum á barnameningarhátíð í Reykholti og búum til mæðradagsblóm með kvenfélagskonum á Húsavík.
- 17.55 Táknáfréttir
- 18.05 KrakkaRÚV
- 18.06 Hvergidrengir
- 18.30 Tryllitæki - Vekjarinn
- 18.35 Krakkafréttir vikunnar
- 19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
- 19.25 Íþróttir
- 19.35 Veður
- 19.45 Verksmiðjan Þáttaröð um nýsköpun, skapandi hugsun og iðngreinar. Í þáttunum fylgjumst við með nýsköpunarkeppni ungs fólks í áttunda til tíunda bekk þar sem þátttakendur fá að þróa hugmyndir sínar í flottar frumgerðir. Einnig sjáum við hvernig raftónlistarmaðurinn Daði Freyr býr til nýtt hljóðfæri með aðstoð Fab Lab á Íslandi og skoðum hvernig iðngreinar hafa áhrif á nýsköpun. Þættirnir eru í umsjón Daða Freys Péturssonar og Berglindar Öldu Ástþórsdóttur. Dagskrárgerð: Eiríkur Ingi Böðvarsson.
- 20.15 Telegram frá Tel Aviv Björg Magnúsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson fylgja Hatara eftir í Tel Aviv. Dagskrárgerð: Gísli Berg.
- 20.40 Stjórnin í 30 ár Uptaka frá 30 ára afmælistónleikum Stjórnarinnar í Háskólabíói haustið 2018 þar sem hljómsveitin lék öll sín vinsælustu lög. Stjórnina skipa Sigríður Beinteinsdóttir, Grétar Örvarsson, Friðrik Karlsson, Jóhann Ásmundsson og Sigfús Óttarsson. Dagskrárgerð: Gísli Berg.
- 21.50 Séra Brown
- 22.40 Gusugangur
- 00.40 Mynd af morði
- 02.10 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 09.00 La Reserva de Sotogrande Invitational
- 12.00 La Reserva de Sotogrande Invitational Bein útsending frá La Reserva de Sotogrande Invitational á LET mótaröðinni.
- 15.15 Golfing World
- 16.05 Champions Tour Highlights
- 17.00 PGA Championship Bein útsending frá PGA Championship.
- 23.00 La Reserva de Sotogrande Invitational

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify
- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 The Tonight Show
- 09.30 The Late Late Show
- 10.15 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.20 The King of Queens
- 12.40 How I Met Your Mother
- 13.05 Dr. Phil
- 13.45 Family Guy
- 14.10 The Voice US
- 14.55 90210
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Tonight Show
- 19.00 Younger
- 19.30 The Voice US
- 21.00 The Bachelorette
- 22.30 King Arthur
- 00.35 The Tonight Show
- 01.20 NCIS
- 02.05 NCIS. New Orleans
- 02.50 Billions
- 03.50 Trust
- 04.40 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Í ljósi sögunnar Nepalska konungsfjölskyldan
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Óskastundin
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Brot af eilífðinni Paul Robeson
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Sögur af landi Strengir
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Grár köttur
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestarklefinn
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Brot úr morgunvaktinni
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Flugur
- 19.50 Lofthelgin
- 20.45 Mannlegi þátturinn
- 21.40 Kvöldsgagan. Húsið
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestarklefinn
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 12.15 Lego Scooby-Doo! Blowout Beach Bash
- 13.30 A Royal Night Out
- 15.10 Wonder
- 17.05 Lego Scooby-Doo! Blowout Beach Bash
- 18.25 A Royal Night Out
- 20.05 Wonder
- 22.00 Deadpool 2
- 00.00 Don't Think Twice
- 01.35 Collide
- 03.10 Deadpool 2

STÖÐ 2

- 07.00 Bliða og Blær
- 07.25 Friends
- 07.50 Gilmore Girls
- 08.30 Brother vs. Brother
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Restaurant Startup
- 10.20 Camping
- 10.50 Deception
- 11.35 Dýraspítalinn
- 12.10 Feðgar á ferð
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Dagvaktin Í Dagvaktinni liggja leiðir þremninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
- 13.25 Dagvaktin
- 14.00 Dagvaktin
- 14.30 Harry Potter and the Chamber of Secrets
- 17.05 Seinfeld
- 17.45 Bold and the Beautiful
- 18.05 Nágrannar
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Sportpakinn
- 19.20 Veður
- 19.25 Impractical Jokers
- 19.50 Scent of a Woman
- 22.25 Amber Alert
- 23.55 Jumanji. Welcome to the Jungle
- 01.50 The Disaster Artist
- 03.30 Lincoln Stórbrotin mynd frá 2012 sem Steven Spielberg leikstýrir.

STÖÐ 3

- 19.10 The Last Man on Earth
- 19.35 The Simpsons
- 20.00 Seinfeld
- 20.25 Friends
- 20.50 Stelpurnar
- 21.15 First Dates 6
- 22.00 The Simpsons
- 22.25 Bob's Burgers
- 22.50 American Dad
- 23.15 Silicon Valley
- 23.45 All American
- 00.30 Seinfeld
- 00.55 The Last Man on Earth
- 01.20 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 08.15 Leeds - Derby
- 09.55 SPAL - Napoli
- 11.35 Roma - Juventus
- 13.15 Úrvalsdeildin í pílukasti
- 16.15 Haukar - Selfoss. Leikur 1
- 17.45 La Liga Report
- 18.15 FA Cup Preview Show
- 18.45 Selfoss - Haukar. Leikur 2 Bein útsending frá leik í úrslitum Olís-deildar karla.
- 21.15 Seinni bylgjan
- 21.45 UFC Now
- 22.35 UFC Fight Night. Edwards vs Nelson

STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.45 Watford - West Ham
- 09.25 Southampton - Huddersfield
- 11.05 Leicester - Chelsea
- 12.45 Brighton - Manchester City
- 14.25 Messar
- 15.30 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur
- 15.55 Grindavík - KR
- 17.35 Pepsi Max mörk karla
- 19.05 Þróttur - Víkingur Ó. Bein útsending frá leik í Inkasso-deild karla.
- 21.10 Liverpool - Barcelona
- 22.50 Ajax - Tottenham

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útlit Saga
- FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Nýtt vefblað komið út
Sjá husa.is



EUROVISION VEISLA



Broil King®

49.990 kr

~~61.990 kr~~

Gasgrill Crown 310
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfriú stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrjú brennarar úr ryðfriú stáli.
3000317

Bílt með fyrirvara um prentvillur og myndavékt. Úrval getur verið mótgjafnt milli verslana.



OUTBACK
18.990 kr
~~23.990 kr~~

Gasgrill
Outback gasgrill, 2ja brennarar með hliðaborði, grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennarar.
3000225



OUTBACK
29.990 kr
~~39.990 kr~~

Gasgrill, 3ja brennarar
Sunset Solo 3, 3ja brennarar, grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfriir brennarar, hitamæli, 9,67 kW.
3000393



Broil King
59.990 kr
~~69.990 kr~~

Gasgrill Crown 320 Stál
9,3 kW brennarakerfi úr ryðfriú stáli, grillgrindur úr pottjárni, þrjú brennarar úr ryðfriú stáli.
3000315



Broil King
36.450 kr

Gasgrill Porta Chef 120
Ferðakolagrill, grillflötur: 46x31 cm, með hliðarhillum.
3000612



Broil King
99.990 kr
~~119.900 kr~~

Gasgrill Baron 490
4 ryðfriir brennarar 11,4kW/klst., grillflötur: 28x65 cm², hliðarhella, 2,7kW/klst., grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárni.
3000609



Broil King
129.900 kr
~~149.900 kr~~

Gasgrill Baron 590
5 ryðfriir brennarar, 16,0kW, hliðarhella 2,7kW, grillflötur: 49 x 81,28 cm, grillgrind úr ryðfriú stáli, hitamæli í lok, sterk hjól undir grill.
3000320



Broil King
149.900 kr

Gasgrill Regal S440
Fjórir ryðfriir "Dual Tube" brennarar, 13,2kW og hliðarhella 2,7kW. Hlíf yfir brennurum, grillflötur: 64x48 cm, grillgrind úr ryðfriú stáli.
3000320



Broil King
179.000 kr
~~199.000 kr~~

Gasgrill Regal 590
5 ryðfriir brennarar: Dual Tube 16 kW/h, 2,7 kW/h hliðarhella, 4,4 kW/h snúningsteinn, hlíf yfir brennurum, grillflötur: 49x81,28 cm.
3000600

Kokteilar fyrir Eurovision partíð frá Pablo Discobar

Barþjónar kokteilstaðarins Pablo Discobar vippa hér upp þremur kokteiluppskriftum fyrir Eurovision-partíð. Á staðnum Miami á Hverfisgötu verður teiti í tilefni af keppninni og hún sýnd á stórum skjáum.

Nú á morgun fer úrslitakvöld Eurovision fram í Expo-höllinni í Tel Aviv. Mikil spenna er í landsmönnum enda er þetta í fyrsta sinn í fjögur ár sem við komumst í úrslit. Margir ætla að lyfta sér upp um kvöldið og verður vafalaust Eurovision-partí í öðru hvoru húsi. Veitingastaðurinn Burro og kokteilstaðirnir Pablo Discobar og Miami verða í sannkölluðu Eurovision-skapi yfir helgina.

„Okkur langaði að vera með eitthvert skemmtilegt tilboð í tilefni Eurovision. Við erum með veislubjónustu sem hægt er að panta fyrir klukkan 22.00 í kvöld, og sérstakur Eurovision-bakki á tilboði. Svo ætlum við að endurgreiða veisluna auðvitað ef Ísland vinnur,“ segir Gunnsteinn Helgi, eigandi staðanna, en tekur svo fram að hann voni að við berum með sigur úr bítum þrátt fyrir að staðurinn tapi á því.

„Á Miami verður svo heljarinnar Eurovision-partí í samstarfi við Stella Artois, en það hefst klukkan 18.00 á morgun. Exton setur upp tvo risa skjái og við verðum með skemmtilegan Eurovision-

EXTON SETUP UPP TVO RISA SKJÁI OG VIÐ VERÐUM MEÐ SKEMMTILEGAN EUROVISION-DRYKKJULEIK. SVO ER AUÐVITAÐ TILBOÐ Á BARNUM.

Gunnsteinn Helgi, eigandi Pablo Discobar

drykkjuleik. Svo er auðvitað tilboð á barnum,“ bætir hann við.

Gunnsteinn Helgi segir að nýr kokteilaseðill komi á Pablo Discobar í næstu viku en fólki gefst tækifæri til að taka forskot á sæluna og gera þá nú um helgina. Barþjónar staðarins, þeir Akira og Patrick, vippuðu upp meðfylgjandi kokteilum fyrir þá sem munu sitja heima.


steingerdur@frettabladid.is



Akira og Patrick. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Fly away

50 ml vodka
20 ml Violette líkjör
20 ml Lime Cordial
Sletta af simple syrup
Creole bitter ofan á



Puff the magic dragon

45 ml hvítt romm
35 ml jarðarberjamauk
30 ml rjómi
Sletta af sitrónusafa
Sletta af Branca Menta
2 ísmolar

Badabing Badabum

30 ml Tanqueray gin
10 ml apríkósu-brandí
10 ml ferskur sitrónusafi
Toppað með Rose-límonaði
Sitrónubörkur til skrauts



Jónmundur barþjónn Íslands 2019

Síðastliðið miðvikudagskvöld fór World Class barþjónakeppnin fram á Kjarvalsstöðum.

Þar spreyttu fjórir barþjónar sig á að gera átta kokteila á jafn mörgum mínútum. Það var svo Jónmundur Þorsteinsson sem fór með sigur úr bítum þetta árið, en hann er barþjónn á Apótekinu.

Það var margt um manninn á keppninni og ljóst að helstu kokteil-unnendur landsins létu sig ekki vanta. Það var spenna í loftinu þegar barþjónarnir fjórir stigu hver á eftir öðrum upp á svið og nýttu sínar átta mínútur til hins ýtrasta.

Barþjónarnir þurftu einnig að útskýra fyrir dómnefndinni og salnum hvað þeir væru að gera hverju sinni.

Stór skjár stóð við hlið keppenda sem sýndi niðurtalningu tímans en það jók virkilega á spennuna. Sigur-



Sigurvegari keppinnar, Jónmundur Þorsteinsson barþjónn á Sushi Social.

» BARÞJÓNARNIR ÞURFTU AÐ ÚTSKÝRA FYRIR DÓMNEFNÐINNI HVAD ÞEIR VORU AÐ GERA HVERJU SINNI.

vegari keppinnar var Jónmundur, sigurvegari keppinnar, fer fyrir Íslands hönd til Glasgow að keppa á alþjóðamóti World Class í kokteilagæð. – ssp



Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800



Sýningarnar
LIFANDI HEIMILI og **BARNIÐ**
 í LAUGARDALSHÖLL um helgina

Komdu og upplifðu!

Um 80 fyrirtæki
 kynna allt það nýjasta

Hver vill ekki vinna
MILLJÓN

Lifandi Heimili stærsta heimilissýningin 2019 er um helgina í Laugardalshöll og þú getur auðveldlega eignast fullt af fallegum vörum fyrir heimilið. Verðmæti vinninga er allt að einni milljón króna og til mikils að vinna því aðeins einn gestur vinnur þá ALLA.

Dreginn verður einn heppinn vinningshafi úr seldum aðgöngumiðum sem eignast fullt af fallegum vörum fyrir heimilið frá sýnendum. Eina sem þú þarft að gera er að fylla út miðann með þínum upplýsingum og þú ert kominn í pottinn.

Vinningarnir verða til sýnis í höllinni og á heimasíðunni www.lifandiheimili.is. Á sunnudaginn kl. 17 drögum við út einn heppinn gest sem tekur vinninginn með sér heim.

MIÐASALA Á WWW.MIDI.IS
 OG VIÐ INNGANG

Miðaverð kr. 1.500
 (frítt fyrir 15 ára og yngri í fylgd með fullorðnum)

DAGSKRÁ

OPIÐ
 lau: 11-18
 sun: 11-17

Laugardagurinn 18. maí

12:30 Solla stirða, Siggi sæti og Halla hrekkjusvín

14:30 Dimmalimm

15:00 Jón Jónsson

16:00 Einar Mikael töframaður



Sunnudagurinn 19. maí

12:30 Solla stirða og Halla hrekkjusvín

14:00 Dimmalimm

15:00 Sirkus Íslands: Anna Sól

16:00 Dans og Kúltúr



FRÍTT í hoppukastala fyrir yngstu kynslóðina

Haldið í samstarfi við



LIFANDI HEIMILI

www.lifandiheimili.is

BARNIÐ

HÁGÆÐA
PIZZA SÚRDEIG
FERSKT OG FLOTT

SÚRDEIGS
PIZZA DEIG
309 kr.
220g



HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ AÐ GRILLA PIZZU?



BORGARAR
NORÐLENSKA
677 kr.
2 x 100g

H.BRAUÐ
MYLLAN
121 kr.
115g

H.BRAUÐ
GÆÐA
137 kr.
115g



VÆNGIR
HOLTA
665 kr.
800g



GUACAMOLE
DIP
245 kr.
300g

TORTILLA
FLOGUR
140 kr.
200g

OSTA
DIP
225 kr.
300g

HATRIÐ MUN SIGRA

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ

ÞÚ FINNUR SUPER1 Á ÞREMUR STÖÐUM



HALLVEIGARSTÍG 1



FAXAFENI 14



SMIÐJUVEGI 2

OPIÐ 10:00 - 22:00 ALLA DAGA



Lukku Láki, Sprite ZeroKlan og JóiPéXKróli koma allir fram á föstudagskvöldinu á Þjóðhátíð. MYND/KETCHUP CREATIVE

Á móti sól og GRL power á Þjóðhátíð

Í dag verður tilkynnt um fimm ný atriði á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Á móti sól spilar í sitt tíunda skipti á hátíðinni. Kynningarfulltrúi Þjóðhátíðar segir miðasöluna fara einstaklega vel af stað.

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum fer fram dagana 2.-4. ágúst í sumar, en hátíðin hefur verið haldin með hléum frá árinu 1874. Nú er búið að auglýsa að margir af vinsælustu listamönnum landsins koma fram á hátíðinni í ár. Má þar meðal annars nefna GDRN, CluDub, Hugin og Herra Hnetusmjör, en þau fjögur munu einnig koma fram á Húkkaraballinu á fimmtudeginum.

Í dag verða kynnt fimm atriði til viðbótar, en það eru Á móti sól, stúlkahljómssveitin GRL power, rappararnir JóiXKróli, Lukku Láki og SpriteZeroKlan.

„Við erum með einvalið tónlistarfólks að spila í ár. Það er líka skemmtilegt að Á móti sól spilar nú í tíunda skipti á Þjóðhátíð,“ segir Jón Gunnar Geirdal, en hann er kynningarfulltrúi hátíðarinnar sjöunda árið í röð. Hann segir sölna fara vel af stað og það fari að stytast í að vinsælustu Herjólsferðirnar verði uppseldar.

Salka Sól, söng- og leikkona, kemur fram á hátíðinni með hljómssveitinni GRL power. Um stofnun sveitarinnar segir Salka að þær hafi upphaflega ætlað að koma fram í einungis eitt skipti, á tónleikum á Húrra þar sem þær sungu Spice Girls lög. Salka segir kvöldið hafa gengið vonum framar og því hafi þær ákveðið að halda áfram, en í dag tekur sveitin lög eftir fleiri söngdívur inn á milli Spice Girls slagaranna.

„Það er alltaf nóg að gera fyrir tónlistarfólk yfir þessa helgi. Maður er yfirleitt á flakki um landið að spila eins mikið og maður getur. Þetta er í þriðja sinn sem ég kem fram á hátíðinni, en ég er mjög ánægð með að vera að spila á sunnudeginum. Ég spilaði einmitt á sunnudeginum



Meðlimir hljómssveitarinnar GRL power. MYND/SAGA SIG

í fyrra sem var alveg mögnuð upplifun,“ segir Salka. Sveitina skipa nokkrar af fremstu söngkonum landsins, þær Elísabet Ormslev, Þuríður Blær, Karó, Stefania Svavars og svo Salka.

Lukku Láki er tiltölulega nýkominn á sjónarsviðið en hann gaf út sína fyrstu plötu fyrir tveimur vikum sem hefur fengið einstaklega góðar viðtökur. „Ég bjóst ekki við að fólk myndi taka svona vel í plötuna,

enda er þetta mín fyrsta útgáfa. En ég er með rosalega gott bakland með mér í þessu,“ segir Lukku Láki og bætir við: „Ég er ótrúlega þakklátur fyrir að fá að spila fyrir svona mikinn fjölda og það með mínum bestu vinum. Gaman að bæta við að ég hef aldrei farið á Þjóðhátíð og spila svo þar í minni fyrstu ferð.“

Miða á hátíðina er hægt að nálgast á síðunni dalurinn.is. steingerdur@frettabladid.is

OLÍS-DEILDIN

EINVÍGIÐ ER HAFIÐ



SELFOSS



HAUKAR

**MÆTUM Á VÖLLINN
OG STYÐJUM OKKAR LIÐ**

#Olísdeildin



BAKÞANKAR

Steinunnar Ólínu



Morgunfundur með álfkonu

Nú nýt ég þeirra forréttinda að vera í sveit í miðjum sauðburði. Í gærmorgun vakti mig kind með angurværu jarmi. Hún hafði að öllum líkindum tapað lömbunum sínum. Ég fór út á tásunum og svipaðist um eftir þeim en sá þau hvergi. Ég ræddi stuttlega við ána og spurði hvort hún gæti aðeins lækkað róminn, ég þyrfti að sofa lengur, ekki skyldi hún örvænta, lömbin hefðu varla farið langt. Það var engu líkara en hún skildi hvert orð því hún gekk leiðar sinnar. Auðvitað timdi ég ekki að fara að sofa aftur. Börnin mín sofandi inni svefni hinna sveitþreyttu og kærkomið tækifæri til að sitja ein og gera ekkert, nema að anda og hugsa.

Hér er paradís ef nokkra slíka er að finna. Bæjarstæði á milli tveggja fjallahálsa sem liggja eins og risafaðmur utan um mannfólkið sem hér býr og starfar. Litill dalur og í honum vatn og lækur sem líðast.

Ég hafði gengið fram á stóran stein deginum áður og eitthvað velti ég fyrir mér stærð hans og staðsetningu. Eins og hann hefði dottið af himnum ofan. Húsfreyjan á bænum sagði mér síðar sama dag að þetta væri álfasteinn og að amma hennar hefði sagt frá því að álfkona hefði birst henni í draumi. Amman hafði síðan átt vingott við þessa álfkonu og heimsótt hana í steininn þótt síðar hefði hún aftekið með öllu að einhver fótur væri fyrir tilvist hennar.

Við húsfreyja vorum sammála um að sú gamla hefði þurft andrými endrum og sinnum því í þá daga þótti ekkert eðlilegt að leggja niður bústörf og fara í gönguferðir sísona. Þörfina til að ræða við álfkonur gátu hins vegar allir skilið þótt landið væri enn ósnortið af tilvist sálfræðinnar.

AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

HEILSUDAGAR Í BETRA BAKI

ÖLL HEILSURÚM OG KODDAR MEÐ 20% AFSLÆTTI



TEMPUR®

Svefn er undirstaða heilsu, langlífis, hreytis og lífshamingju. Rétt dýna skiptir sköpum fyrir svefngæði. Komdu á heilsudaga í Betra Baki og finndu dýnuna sem skilar þér fullkomnum nætursvefni.

■ Náðir þú 8 klukkustunda svefni í nótt? Komdu í Betra Bak, leyfðu okkur að hjálpa þér að finna réttu dýnuna og njóttu þess að vakna tilbúin/n í daginn.

■ Vissir þú að svefn getur haft áhrif á þol þitt og úthald? Á heilsudögum finnur þú dýnuna sem hentar þér hvort sem þú vilt hafa hana mjúka eða stífa.

VERÐDÆMI



TEMPUR ORIGINAL EÐA CLOUD
90 x 200 cm með Comfort botni og fótum.
Fullt verð: 233.250 kr.

Tilboð 186.600 kr.

CHIRO UNIVERSE

- Fimm svæðaskipt yfirdýna.
- Vandadar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.
- Laserskorið Conformo Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og axlasvæði.

CHIRO UNIVERSE

90 x 200 cm með Comfort botni og fótum.
Fullt verð: 94.040 kr.

Tilboð 75.232 kr.

180 x 200 cm með Comfort botni og fótum.
Fullt verð: 171.200 kr.

Tilboð 136.960 kr.



20%
AFSLÁTTUR
HEILSUDAGAR!

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

PANINI
OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR

*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk

ON THE GO

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK